# FRÉTTABLAÐIÐ

301. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 24. DESEMBER 2015



## Gleðileg jól

**Jólaljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis**

### Horft á jólatréð

Þessi ungi jólasveinn sá sjálfur um að skreyta jólatréð. Hann var að vonum ánægður með árangurinn. →12

MYND/HEIÐAR ÖRN JÓNSSON



## Toppurinn að eiga afmæli á aðfangadag

→18



## Jólasaga eftir Kristínu Eiríksdóttur

→16




PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK ● ÚTIVIST OG FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LYFJA - Lífið heil
www.lyfja.is
Gleðileg jól
Opið í dag frá kl. 8–18
í Lágmúla og Smáratorgi.


Gleðileg jól
Opið 10–13 í dag
SMÁRALIND

GLEÐILEG JÓL
OPIÐ TIL 13 Í DAG
Kringlan

## Veður




Hvöss norðaustan átt á morgun, en útlit fyrir storm suðaustan til og þar má búast við hvössum vindstrengjum við fjöll. Él norðan og austan til og nokkuð samfelldur éljagangur norðaustan til. Annars er þurrt að mestu, en gætu komið stöku él allra syðst á landinu. Dregur úr vindi og ofankomu í kvöld.
SJÁ SÍÐU 30



**Öndunarfæraveirusýkingarnar geta lagst þungt á suma en aðrir sleppa vel.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bóluefni við inflúensu er uppurið í landinu

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt bóluefni gegn árlegri inflúensu er uppurið í landinu en frá því í haust hafa sextíu þúsund skammtar verið seldir.

„Við eigum von á fleiri skömmtum til landsins næstu daga,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Hann segir ekki of seint að láta bólusetja sig þótt árleg inflúensa sé farin að láta á sér kræla. Hún sé þó enn ekki farin að ganga.

Nokkrar tegundir af öndunarfæraveirum hafa verið greindar á undanförnum vikum. „Þetta getur lagst þungt á suma en aðrir sleppa vel.“ – **ibs**

# Átján ára maður lést í bílslysi

**SLYS** Maðurinn sem lést í bílslysi við bæinn Einarsstaði í Kræklingahlíð norðan Akureyrar á þriðjudagskvöldið hét Þórlaugur Ragnar Ólafsson. Hann var átján ára gamall og var búsettur á Akureyri.

Síðastliðið þriðjudagskvöld skullu fólksbíll og vöruflutningabíll saman með þeim afleiðingum að ökumaður fólksbílsins lést. Hann var einn á ferð.

Þrír voru í vöruflutningabílnum og voru fluttir til aðhlynningar á sjúkrahúsi Akureyrar með minniháttar meiðsli. – **srs**

# Fjölmenn ganga fyrir friði



**Hamrahlíðarkórinn leiddi friðargönguna í ár niður Laugarveginn yfir á Austurvöll þar sem Andri Snær Magnason rithöfundur hélt hugvekju og Tinna Önnudóttir Þorvalds leikkona stýrði fundi. Friðargangan hefur verið farin árlega frá árinu 1981.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ísland falli frá Rússabanni

**ATVINNULÍF** Samtök atvinnulífsins (SA) vilja að íslensk stjórnvöld falli frá viðskiptabanni á Rússland vegna neikvæðra áhrifa sem það hefur á íslenskt efnahagslíf. Rússar svöruðu aðgerðunum í haust með því að leggja innflutningsbann á íslensk matvæli. SA áætla að íslenskur sjávarútvegur og landbúnaður verði af um 15 milljörðum króna á ári vegna þessa.

Bent er á að viðskiptaþvinganir sem Íslendingar hafa tekið þátt í snúi að vopnaviðskiptum og fjármögnun fjármálastofnana í Rússlandi. Íslendingar leggi hvorki stund á vopnaviðskipti né fjármögnun rússneskra banka og því hafi viðskiptabannið engin áhrif. Bann Rússa við innflutningi á matvælum hafi hins vegar mjög mikil áhrif á Ísland.

SA lýsa einnig yfir vonbrigðum yfir að ESB hafi ekki léð máls á aðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum stuðnings Íslands við viðskiptabannið. – **ih**

# Ferðamenn vitlausir í íslenskt jólahandverk

**Anna Helen Lindsay hefur rekið Litlu jólabúðina í fimmtán ár við Laugaveg. Hún segir mestu söluna vera á sumrin til erlendra ferðamenna. Án ferðamannanna gæti verslunin ekki lifað af árið. Íslendingar versla einungis fyrir jólin.**

**SAMFÉLAG** „Salan er mest í júlí og ágúst,“ segir Anne Helen Lindsay, eigandi Litlu jólabúðarinnar. Hún hefur rekið verslunina við Laugaveg 8 í fimmtán ár.

„Við eigum orðið svo mikið af ferðamönnum sem koma hingað og þeir eru alveg kolvitlausir í búðina. Íslendingarnir sem eru að koma núna sjást ekki hérna á sumrin. Ég myndi segja að það væri eiginlega jafn mikil sala núna og í júlí og ágúst. Það skiptist kannski meira milli Íslendinga og útlendinga núna, en í júlí og ágúst eru það bara útlendingar sem eru að versla,“ segir hún.

Anne Helen segir Íslendinga og útlendinga kaupa mismunandi vörur. „Útlendingar kaupa aðallega það sem er íslenskt handverk, það sem hefur verið framleitt sérstaklega fyrir þessa verslun og hluti sem hægt er að hengja á jólatré, ýmist úr gleri eða ull. En Íslendingarnir eru að kaupa allt mögulegt, sérstaklega skemmtilega hluti til að hengja á jólatré og styttur og annað.

> **Útlendingar kaupa aðallega það sem er íslenskt handverk, það sem hefur verið framleitt sérstaklega fyrir þessa verslun og hluti sem hægt er að hengja á jólatré.**
>
> Anna Helen Lindsay, eigandi Litlu jólabúðarinnar



**Anne Helen Lindsay eigandi búðarinnar segir marga Íslendinga sem safna jóladóti koma árlega.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er áberandi að útlendingar vilja íslenskt, á meðan það er blandað hjá Íslendingum. Þeir vilja líka íslenskt, en kaupa svo meirihlutann af þeim vörum sem ég flyt inn. Margir eru að safna, og koma einu sinni á ári og safna til að mynda fallegum hlutum á jólatréð,“ segir Anne Helen. Hún kaupir mikið af sömu fyrirtækjum og segir mikið um það að fólk sé að kaupa nýjar útgáfur af vörunum aftur og aftur, sérstaklega hluti til að hengja á tréð.

Anne Helen segist finna fyrir greinilegum vexti í sölu eftir að erlendum ferðamönnum fjölgaði svona mikið. „Þeir halda mér gangandi allt árið. Ef ég hefði ekki útlendingana þá myndi verslunin ekki lifa af árið. Íslendingarnir koma ekki fyrr en í október, nóvember, og desember.“

saeunn@frettabladid.is



Tilboðsverð gilda frá 22. desember, til og með 24. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 77869 12/15




Jólin eru til þess að njóta þeirra. Með fjölskyldu og vinum, heima eða að heiman.
Icelandair sendir þér hugheilar jólakveðjur, sama hvar þú ert.

+ icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# Einkarekinn skóli samþykktur en kennsluáætlun ófullnægjandi

**SKÓLAMÁL** Gögn sem Framsýn Skólafélag ehf. hefur lagt fram eru ófullnægjandi að mati þróunarfulltrúa grunnskóla Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Fyrirtækið stefnir á að opna skóla í bæjarfélaginu fyrir allt að 45 nemendur í 9. bekk næsta haust. Fræðsluráð samþykkti á síðasta fundi sínum umsókn fyrirtækisins. Forsvarsmenn skólans munu nú hefja viðræður við menntamálaráðuneytið um öll tilskilin leyfi.

Í minnisblaði Vigfúsar Hallgrímssonar, þróunarfulltrúa grunnskóla hjá Hafnarfjarðarbæ, kemur fram að ekki sé hægt að leggja mat á gögn frá Framsýn þar sem þau séu ófullnægjandi. Einnig segir í minnisblaðinu að forsvarsmenn einkahlutafélagsins hafi ekki klárað kennsluáætlun og námsmat. Forsvarsmenn Framsýnar hafa borið fyrir sig að sú vinna verði unnin í samráði við kennara skólans, sem eigi eftir að ráða.

Þó er farið að móta hugmyndir um skólastarfið. Í starfsáætlun þessa nýja skóla fyrir næsta vetur segir í kafla um sérstöðu skólans að nemendur og kennarar heilsist með því að „kless'ann“ svo dæmi sé tekið.

> Ég orðaði það sem svo að ég styðji ekki einhvern skóla fyrir ríkra manna elítu.
>
> Hörður Svavarsson, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar



Hörður Svavarsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar í meirihluta fræðsluráðs, segir tillöguna ekki komna frá meirihluta ráðsins heldur formanninum, Rósu Guðbjartsdóttur.

Þá efast Hörður um að stefna skólans sé í samræmi við stefnu Hafnarfjarðar um skóla án aðgreiningar. Í stefnu skólans segir orðrétt. „Framsýn mun ekki henta öllum enda er það val að sækja um í skólanum.“

„Það hlýtur að vera stefna Hafnarfjarðar að þeir skólar sem þar hefja starfsemi sníði hana í samræmi við fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar,“ segir Hörður.

„Ég orðaði það sem svo að ég styðji ekki einhvern skóla fyrir ríkra manna elítu, heldur verður að gæta jafnræðis. Það skipti máli að jafnræðis sé gætt á þessum sviðum sem öðrum. Einnig verður að tryggja að þessi aukni fjölbreytileiki verði ekki á kostnað almenna skólakerfisins,“ segir Hörður. **– sa**

# Eignaðist mjög góða vini á Kvíabryggju

**Angelo Uijleman hélt hann væri að fara í fría ævintýraferð til Íslands en var handtekinn fyrir grun um aðild að umfangsmiklu fíkniefnasmygli. Hann talar um þungbæra einangrun á Litla-Hrauni, bankamennina á Kvíabryggju og einmanaleg jól án fjölskyldunnar.**

**SAMFÉLAG** „Maður bauð mér vinnu og sagði að ég ætti að fara í ferðalag. Ég fékk peninga fyrir og átti ekki mikið af peningum. Ég hugsaði að ég fengi að fara frítt til Íslands og ákvað að gera það enda mikið ævintýri. Þetta var svo bara alls ekki góð hugmynd og ég geri þetta aldrei aftur,“ segir Angelo Uijleman, 28 ára Hollendingur sem úrskurðaður var í farbann í Héraðsdómi Reykjaness á mánudag.

Angelo er grunaður um aðild að umfangsmiklu fíkniefnasmygli hingað til lands með Norrænu. Hann var handtekinn í september ásamt tveimur Íslendingum og öðrum Hollendingi. Hann var í kjölfarið færður í einangrun á Litla-Hrauni í átta vikur. Sú vist var gagnrýnd vegna andlegrar fötlunar Angelos. Að sögn móður hans skilur hann oft ekki aðstæður og er einfaldur. Hún segir hann þó alltaf jákvæðan og tilbúinn að gera allt fyrir alla. Angelo var loks færður á Kvíabryggju í nóvember þar sem hann dvaldi síðustu vikur.

### Hreiðar Már kenndi á þvottavél

Nú dvelur Angelo á gistiheimili í miðbæ Reykjavíkur þar til tekin verður ákvörðun um að gefa út ákæru í málinu eða þar til dómur fellur. Það gæti tekið marga mánuði.

Blaðamaður fór og hitti Angelo á gistiheimilinu í gær ásamt verjanda hans, sem Angelo óskaði eftir að væri viðstaddur viðtalið. „Ég kvarta ekki mikið en það helsta er að mig vantar handklæði og svo er ég einmana en ég ætla að fara í Kringluna og reyna að rata um bæinn á næstu dögum.“

Það fyrsta sem Angelo vill ræða er hve vel honum leið á Kvíabryggju. Hann vildi óska að hann væri þar enn enda einmanalegra á gistiheimilinu. Þá sé sturtan á gistiheimilinu ekki eins góð og í fangelsinu og þar hafi hann ekki sjónvarp til að horfa á. „Húsið sem ég var í síðustu vikurnar var fullkomið. Þetta var mjög flott. Það var æðislegur matur. Þar var æðislegt fólk. Allir voru tilbúnir að hjálpa mér og kenna mér og ég eignaðist góða vini þar sem voru svo skemmtilegir.“

Angelo útskýrir að á Kvíabryggju hafi verið nóg að gera. „Við spiluðum spil, horfðum á sjónvarpið og ég var með herbergi fyrir sjálfan mig en gat alltaf farið inn í stofu til að hitta vini mína og var því aldrei einn. Ég var í húsi með bankamönnunum og þeir kenndu mér margt.“ Hann segir blaðamanni frá því þegar Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, kenndi honum á þvottavél. Hann kveðst vera þakklátur fyrir það enda þurfi hann að þvo fötin sín sjálfur á gistiheimilinu en hann hafði aldrei þvegið fötin sín sjálfur.

„Mamma gerði það alltaf fyrir mig. Við mamma búum tvö í Hollandi. Hún hefur líka alltaf eldað fyrir mig en nú þarf ég að læra að elda sjálfur,“ segir Angelo og réttir fram 1944 pastatöfra sem hann ætlar að borða í kvöldmat. „Ég held ég geti nú eldað þetta en mér finnst íslenskur matur mjög góður. Ég elska Appelsín og Mix.“

### Mun sakna mömmu um jólin

Angelo segir dvöl sína á Litla-Hrauni hafa verið þungbæra. „Ég fékk bara að fara út úr klefanum í einn klukkutíma á dag. Mér fannst fangelsið samt gott og lögreglumennirnir voru svo góðir við mig og maturinn mjög góður.“ Hann segist þó hafa verið einmana og að verst hafi verið að fyrstu vikurnar hafi hann ekki fengið upplýsingar um hvort fjölskyldan vissi af honum. „Foreldrar mínir voru svo aldrei látnir vita.“ Móðir Angelos lýsti því í samtali við Fréttablaðið í lok október hvað það hefði verið erfitt að vita ekki af ferðum hans.



Angelo er afar jákvæður og segir matinn á Kvíabryggju og á Litla-Hrauni hafi verið mjög góðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Við spiluðum spil, horfðum á sjónvarpið og ég var með herbergi fyrir sjálfan mig en gat alltaf farið inn í stofu til að hitta vini mína og var því aldrei einn. Ég var í húsi með bankamönnunum og þeir kenndu mér margt.

Angelo segist vera vanur að vera með mömmu sinni um jólin. „Ég sakna hennar en hún á ekki pening til að koma strax. Ég talaði við hana á Skype og hún segist ætla að koma bráðum.“ Hann hefur fengið pláss í kvöldverð hjá Hjálpræðishernum í dag. Þá hefur fjöldinn allur af Íslendingum boðið fram aðstoð sína. „Ég fer á morgun í mat til fjölskyldu vinar míns úr fangelsinu. Þau ætla að sækja mig og það finnst mér mjög gaman. Mér finnst svo gaman að vera með fólki.“

Í lokin segir Angelo að verjandi hans hafi útskýrt fyrir sér að nú væri bara að bíða eftir að rannsókn hjá lögreglunni væri lokið. „Ég ætla bara að vera í tölvunni, labba um og svo langar mig mikið í sund. Ég þekki engan á Íslandi nema verjandann minn en hann er mjög góður við mig,“ segir Angelo.

**nadine@Frettabladid.is**




# Góðærisbragur á jólaklippingum

**SAMFÉLAG** „Það er mun meira að gera í ár heldur en í fyrra,“ segir Torfi Geirmundsson rakari um jólavertíðina þetta árið. Dagarnir og vikurnar fyrir jól eru mikil vertíð hjá hárgreiðslufólki enda vilja allir skarta sínu fegursta á jólunum. Löngu var uppbókað hjá þeim hárgreiðslustofum sem taka við bókunum og Fréttablaðið ræddi við.

„Það varð breyting á eftir hrun. Þá fór þetta að verða jafnara yfir allt árið en það virðist vera að koma eitthvert góðæri í þetta núna,“ bætir hann við.

Torfi segir tískuna vera þannig þessi misserin að mikið sé að gera hjá rökurum. „Tískan er þessi snögga vélaklipping og skeggsnyrtingar. Þeir sem eru með snöggar herraklippingar koma oftar í klippingu. Þeir láta klippa sig á þriggja vikna fresti til að halda þessu við. Það er mikil vélavinna, miklu meira en síðasta áratug. Meira að segja þannig að maður þarf að endurnýja þær græjur mun oftar núna.“ **– ih**



Torfi Geirmundsson rakari segir verkefnin næg í jólaösinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Gleðilega hátíð
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000




# Mótmælt við múrinn



Palestínskir jólasveinar komu saman í gærmorgun við hinn umdeilda aðskilnaðarmúr sem skilur á milli Ísraels og Palestínu til að mótmæla aðskilnaðarstefnu Ísraelsríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ferð sem ekki var farin kostar OR 1,7 milljónir

**Orkuveita Reykjavíkur greiðir 1,7 milljóna króna ferðakostnað fyrir 15 manns sem áttu að fara í 25 manna hópi í tveggja daga vinnutúr til Kaupmannahafnar og fóru hvergi. Kostar næstum jafn mikið og fyrir þá tíu sem fóru utan.**

**STJÓRNSÝSLA** Orkuveita Reykjavíkur þarf að greiða tæplega 1,7 milljónir króna fyrir 15 manna hóp sem fór ekki í áætlaða vinnuferð til Kaupmannahafnar í lok september.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks spurðust fyrir um Kaupamannahafnarferðina í stjórn Orkuveitunnar í nóvember.

„Upphaflega var áætlað að stjórnir OR og dótturfélaga færu í ferðina ásamt helstu stjórnendum þessara félaga í því skyni að eiga nauðsynlegan stefnumótunarfund. Þremur dögum fyrir brottför var hins vegar ákveðið að gera þær breytingar á fyrirkomulagi ferðarinnar að í hana færu einungis stjórnarmenn móðurfélags ásamt helstu stjórnendum þess og ráðgjöfum,“ er rakið í fyrirspurn Áslaugar Friðriksdóttur og Kjartans Magnússonar.

Úr varð að aðeins tíu af upphaflegum 25 manna hópi fóru til Kaupmannahafnar dagana 27.-29. september. Meðal annars var um að ræða heimsókn í flutningafyrirtækið Maersk.

Óskuðu Áslaug og Kjartan eftir að öll gögn sem lögð voru fram í ferðinni eða urðu til vegna hennar yrðu lögð fram í stjórn Orkuveitunnar. Einnig báðu þau um upplýsingar um kostnað við ferðina og hvort útgjöld yrðu vegna þeirra sem á endanum fóru ekki utan.

„Þá er óskað eftir rökstuðningi fyrir því af hverju nauðsynlegt þótti að halda umræddan fund erlendis,“ segir í fyrirspurn fulltrúanna tveggja sem svarað var skriflega á stjórnarfundi OR 14. desember.

„Upphaflega var gert ráð fyrir því að 25 starfsmenn, stjórnarmenn og ráðgjafar færu í ferð stjórnar Orkuveitunnar og dótturfélaga til Kaupmannahafnar. Þær fyrirætlanir breyttust og voru 10 einstaklingar sem fóru,“ segir í svarinu.

Þegar farið er yfir ferðakostnaðinn kemur í ljós að Orkuveitan greiðir 1.877 þúsund fyrir tíu manna hópinn sem fór og 1.690 þúsund vegna hópsins sem varð eftir.

„Búið var að panta flug fyrir alla auk þess sem gisting og fundakostnaður hafði verið greiddur. Hluti fargjalda fékkst endurgreiddur,“ segir í svarinu þar sem fram kemur að ekki sé „búið að fullreyna möguleika á endurgreiðslu“ vegna gistingar og fargjalda.

Í svarinu kemur hvorki fram hvers vegna umræddur fundur var haldinn erlendis né hvers vegna hópurinn var minnkaður svo mikið.

„Ekki gafst ráðrúm til að ræða þetta mál á síðasta fundi og minnisblaðið bara lagt fram en við teljum að það megi skýra þetta betur,“ segir Áslaug Friðriksdóttir.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, kveðst ekki geta svarað spurningum Fréttablaðsins um ferðina fyrr en eftir hátíðarnar.

gar@frettabladid.is

## Ferðakostnaður OR til Kaupmannahafnar

| Tíu manns sem fóru | | Fimmtán manns sem fóru ekki | |
|---|---|---|---|
| Fargjöld | 798.334 kr. | Fargjöld | 295.742 kr. |
| Gisting | 572.791 kr. | Gisting | 937.349 kr. |
| Fundakostnaður | 304.734 kr. | Fundakostnaður | 457.102 kr. |
| Uppihald | 176.049 kr. | Uppihald | 0 kr. |
| Annað (ferðir til/frá flugvelli) | 25.840 kr. | Annað | 0 kr. |
| Samtals | 1.877.748 krónur | Samtals | 1.690.192 krónur |

**Heildarkostnaður ferðarinnar 3.567.941 króna**

> Við teljum að það megi skýra þetta betur.
>
> Áslaug Friðriksdóttir, stjórnarmaður í Orkuveitunni



> Búið var að panta flug fyrir alla auk þess sem gisting og fundakostnaður hafði verið greiddur.
>
> Úr svari Orkuveitunnar til stjórnar fyrirtækisins

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ




## FERSKIR SVEPPIR Í ÚRVALI




## AFGREIÐSLUTÍMI 24.-27. DESEMBER

| | | SKEIFAN SPÖNGIN GARÐABÆR EIÐISTORG | SMÁRALIND | KRINGLAN | AKUREYRI | HOLTA-GARÐAR | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FIM | 24. DES | OPIÐ TIL 16 | 9-14 | 9-14 | 9-16 | 9-14 | 10-14 |
| FÖS | 25. DES | LOKAÐ | lokað | lokað | lokað | lokað | lokað |
| LAU | 26. DES | OPNAR 11 | lokað | lokað | 11-24 | lokað | lokað |
| SUN | 27. DES | 24 TÍMA | 12-19 | 12-19 | 12-24 | 12-19 | 12-18 |

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Hátíð var í bæ í skólanum í Kulusuk – enda góðir vinir í heimsókn í þriðja skiptið á árinu sem er að líða.



Það voru alls 55 krakkar sem tóku á móti íslenska hópnum sem heimsótti Kulusuk í vikunni. MYNDIR/HRÓKURINN



Allir fengu sérmerkta pakka og gleðin var fölskvalaus.

# Færðu öllum börnum í Kulusuk jólagjöf

**Hrókurinn og Kalak, vinafélag Íslands og Grænlands, færðu öllum leik- og grunnskólabörnum í Kulusuk á Grænlandi gjafir. Þetta er sjötta ferð félaganna til Grænlands á árinu til að breiða út fagnaðarerindi skáklistarinnar, gleði og vináttu.**

**FÓLK** Liðsmenn Hróksins og Kalak, vinafélags Íslands og Grænlands, komu færandi hendi til bæjarins Kulusuk á Grænlandi á þriðjudag og færðu öllum börnum bæjarins jólagjafir. Þetta er þriðja ferð félagsmanna til Kulusuk á þessu ári og sú sjötta til Grænlands þar sem skák, vinátta og gleði eru í forgrunni.

Hrafn Jökulsson, forseti Hróksins, skrifar að börnin í Kulusuk hafi tekið á móti jólasveinum félaganna með söng og gleði þegar efnt var til sérstakrar hátíðar í grunnskólanum í þessum næsta nágrannabæ Íslands. Öll börnin í leik- og grunnskóla bæjarins fengu sérmerktan jólapakka með margvíslegum glaðningi, sem fjölmörg íslensk fyrirtæki og einstaklingar lögðu til. „Hrókurinn og Kalak færa öllum þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til jólapakkaferðarinnar til Kulusuk dýpstu þakkir,“ skrifar Hrafn.

Í grunnskólanum í Kulusuk eru nú 45 börn og 10 börn í leikskólanum. Jólapakkaferðin til Kulusuk markar lok á frábæru starfsári hjá Hróknum og Kalak, segir Hrafn. Félögin hafa staðið fyrir sex ferðum á þessu ári til Grænlands til að útbreiða fagnaðarerindi skáklistar, gleði og vináttu, og í september kom tíundi hópur 11 ára barna frá litlu þorpunum á Austur-Grænlandi til Íslands til að læra sund og kynnast íslensku samfélagi.

Hrafn segir jafnframt að Justine Boassen skólastjóri og hennar fólk í Kulusuk hafi tekið jólasveinunum frá Íslandi tveim höndum og voru hinir íslensku gestir líka leystir út með gjöfum. Heimsóknin var afar vel skipulögð af hálfu skólans.

Kraftmikið starf er fram undan á Grænlandi. Í janúar verður Toyota-skákhátíð haldin í Nuuk, í febrúar verður Polar Pelagic-hátíð á Ammassalik-svæðinu, um páskana liggur leiðin til Ittoqqortoormiit og í maí verður Flugfélagshátíð í Nuuk. Þá eru einnig fyrirhugaðar skákhátíðir í Ilulissat og Kangerlussuaq. SVAVAR@FRETTABLADID.IS

**Dansk julegudstjeneste**

holdes i Domkirken torsdag den 24. december kl.15.00 ved pastor María Ágústsdóttir.

**Danmarks ambassade**




# Aldrei fleiri hjálpa í Hjálpræðishernum

**SAMFÉLAG** „Við erum með að nálgast sextíu sjálfboðaliða, sem teygir sig í sjötíu út af jólamatarboðinu. Það eru yfir tvö hundruð með sjálfboðaliðum í matarboðinu. Við höfum aldrei verið svona mörg,“ segir Ingvi Kristinn Skjaldarson, flokksforingi í Reykjavíkurflokki Hjálpræðishersins. Herinn efnir til síns árlega jólaboðs í dag.

Veislan var flutt í Ráðhúsið og því getur herinn tekið á móti mörgum í ár. „Auðvitað erum við mjög glöð og ánægð með að fólk skuli vilja vera með okkur,“ segir Ingvi Kristinn. Hann segir sjálfboðaliðana vera breiðan hóp úr öllum stöðum og stéttum. „Hjá okkur er til dæmis fráskilið fólk sem er ekki með börnin sín þessi jól og hefur ákveðið að láta eitthvað gott af sér leiða.“ – sg




Hjálpræðisherinn hefur boðið upp á mat á aðfangadag síðan á stríðsárunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

## Buðu 200 hælisleitendum til veislu

**SAMFÉLAG** Hátt í tvö hundruð hælisleitendur og fjölskyldur þeirra nutu hátíðarkvöldverðar og skemmtiatriða í síðustu viku í húsakynnum Actavis í Hafnarfirði.

Haldin var desemberhátíð fyrir hælisleitendur sem Rauði krossinn á Íslandi stendur fyrir ár hvert.

Fimmtíu börn voru á hátíðinni sem hefur aldrei verið stærri og söfnuðu starfsmenn Actavis fyrir gjöfum fyrir þau. Starfsmenn Actavis settu saman lúðrasveit af tilefninu sem spilaði undir borðhaldi. Starfsfólk mötuneytis Actavis eldaði hátíðarmatinn fyrir hælisleitendurna og þá bauð Sirkus Íslands upp á skemmtiatriði í boði Rótaryklúbbsins Borga. – kbg

## Fá fríar tannlækningar

**HEILSA** Sex og sjö ára börn munu eiga rétt á gjaldfrjálsum tannlækningum þann 1. janúar næstkomandi.

Breytingin er samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna en hann var undirritaður árið 2013.

Skilyrði fyrir gjaldfrjálsum tannlækningum er að barn sé skráð hjá heimilistannlækni sem er með samning við Sjúkratryggingar.

„Eftir að samningurinn tók gildi hafa mun fleiri börn farið til tannlæknis, í sumum aldurshópum yfir 96% barna,“ segir Ásta Óskarsdóttir, formaður tannlæknafélagsins. „Almennt láta foreldrar í ljós ánægju með að nú þarf aðeins að greiða 2.500 kr á ári í komugjald fyrir hvert barn. Það er því hægt að ljúka meðferð fljótt og örugglega án þess að fjárhagur foreldra skipti miklu máli,“ segir hún.

> Mun fleiri börn hafa farið til tannlæknis.
>
> Ásta Óskarsdóttir tannlæknir



Ásta segir að eftir gildistöku samningsins hafi viðgerðir á tönnum barna aukist enda hafi verið uppsöfnuð þörf fyrir. „Það að 6 og 7 ára krakkar séu að bætast inn núna um áramótin er ekkert nema jákvæðar fréttir. Þá mun bætast í þann hóp foreldra sem geta alltaf farið með börnin sín til tannlæknis óháð efnahag,“ segir Ásta. – srs


Síminn
Öll símtöl til útlanda úr heimasíma á 0 kr. á jóladag
Óskaðu vinum og fjölskyldu út um allan heim gleðilegra jóla.
Það býr meira í heimasímanum en þú heldur. Nýttu tækifærið á jóladag og ræktaðu sambandið við fjölskyldu og vini. Gleðileg jól!
Gildir þegar hringt er úr íslenskum heimasíma í öll heima- og farsímanúmer erlendis.

# Verið óhrædd



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Í kvöld höldum við flest öll jól, af ólíkum ástæðum. Hvort heldur sem er vegna fæðingar frelsarans eða þeirra tímamóta að daginn tekur að lengja aftur, myrkrið hverfur og við sjáum fram á bjartari tíð með blóm í haga. Nú eða hvaða öðrum ástæðum sem er.

Í jólaguðspjallinu er sagt frá því að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina, fyrsta skrásetningin þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi.

Nú er ööld í Sýrlandi. Þeim áfanga var náð nú fyrir tveimur dögum að milljón flóttamenn hafa komið til Evrópu, þar af rúmlega 970 þúsund sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið.

Í jólaguðspjallinu greinir einnig frá því að Jósef og María heitkona hans hafi komið til Betlehem til að láta skrásetja sig. María var þunguð og þegar kom að því að hún varð léttari lagði hún son sinn í jötu, af því að eigi var rúm handa þeim í gistihúsi.

Talið er að nærri fjögur þúsund manns hafi drukknað á leiðinni yfir Miðjarðarhafið. Það er ekki frekar rúm í gistihúsinu nú en þá. Ríkisstjórnir Evrópuþjóða hafa tekið misvel við þeim sem komast lifandi alla leið. Sumir vilja reisa veggi, herða landamæraeftirlit, aðrir opna faðminn og reyna eftir bestu getu að taka við þeim sem ná inn fyrir landamærin.

„Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs," sagði engill Drottins við hirðana í haganum.

Þeir flóttamenn sem koma til Evrópu og fá að setjast þar að upplifa einmitt mikinn fögnuð. Þeim hefur tekist að flýja stríðsástand, fátækt og hörmungar og sjá fram á að hefja nýtt líf í friði og ró með með mönnum sem ráðamenn hafa velþóknun á. Aðrir þurfa á meðan að hírast í flóttamannabúðum, oft með börn, þar sem þeir búa við hungur og algjöra óvissu. Enginn hefur velþóknun á þeim.

Eftir áramótin er von á nokkrum sýrlenskum fjölskyldum til Íslands. Það er vel gert og kærleiksríkt. Það er einnig nauðsynlegt og sjálfsagt. Óskandi að þær væru fleiri en raun ber vitni fjölskyldurnar sem hingað fá að koma fagnandi í leit að nýju lífi.

Jólin eru hátíð okkar allra, sama af hvaða ástæðum fólk heldur þau hátíðleg. Jólin færa von um betra líf. Meiri birtu og minna myrkur. Hátíð ljóss og kærleika og friðar. Frelsarinn sem fæddist um jól boðaði fyrirgefningu syndanna, að ekki ætti að dæma aðra af gjörðum þeirra heldur sýna í verki kærleika til allra manna. Boðskapur sem hægt er að taka undir, hverju svo sem menn ákveða að trúa.

Á jólunum, þegar við sjáum von um bjartari tíma, leitar hugurinn til þeirra sem ekki geta fagnað með sama hætti. Vonandi mun fara vel um þær flóttafjölskyldur sem hingað koma og aðrar hvar svo sem þær fá tækifæri til að lifa í friði – í birtu en ekki myrkri. Fyrst og fremst er óskandi að allir geti upplifað fagnaðarefnið, sjálfan boðskap jólanna: „Verið óhrædd."

***Fréttablaðið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla!***

**Talið er að nærri fjögur þúsund manns hafi drukknað á leiðinni yfir Miðjarðarhafið. Það er ekki frekar rúm í gistihúsinu nú en þá.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Glerhúsið**

**Eftir að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gagnrýndi forgangsröðun ríkisstjórnarinnar spurði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á Twitter-síðu sinni hvort ekki væri við hæfi að byrja á forsetaembættinu. „Hvað með að hætta að úthluta forsetanum milljónum fyrir stórveislur þar sem veisluborðin svigna?" spyr Bjarni. Sumir eru eflaust þeirrar skoðunar að þetta komi úr hörðustu átt enda telja margir aðgerðir á við skuldaleiðréttinguna, byggingu á nýju þinghúsi, fjölda aðstoðarmanna ráðherra og fjölmennar sendinefndir til fjarlægra ríkja ansi mikið bruðl og þá gjarnan á kostnað aldraðra, öryrkja og ungra fjölskyldna sem margir telja að ríkisstjórnin hafi skilið eftir.**

**Kosningahamur**

**Eftir að ríkisstjórnin neitaði að samþykkja afturvirkar greiðslur til aldraðra og öryrkja hugsuðu margir stjórnmálamenn sér gott til glóðarinnar og hófu að verja okkar minnstu bræður og systur, slíkt virkar ávallt vel og vissulega er þörf á. Nú hefur Ólafur stokkið á vagninn og hefur stillt sér upp með litla manninum. Halda mætti að forsetinn væri kominn í kosningaham en spennandi verður að heyra um fyrirætlanir hans í nýársávarpinu eftir nokkra daga.** stefanrafn@frettabladid.is

# Einmanaleiki og einangrun er versti óvinur ellinnar



Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur

Í amstri og stressi, ekki síst um jólahátíðina, skapast viss hætta á að gamalt fólk gleymist.

Hér er átt við fólkið sem vegna aldurs og lasleika kemst ekki ferða sinna eins auðveldlega og áður. Margir eldri borgarar búa einir en aðrir búa á stofnunum. Sem betur fer njóta langflestir þeirra góðrar umönnunar starfsmanna og flestir eiga fjölskyldumeðlimi sem heimsækja þá með reglubundnum hætti.

**Hlúum vel að eldri borgurum**

Aðstæður eldri borgara geta verið afar ólíkar. Eldri borgarar sem eiga erfiðast eru þeir sem eru einangraðir og einmana. Þeir sem búa á hjúkrunarheimilum hafa þó félagsskap af sambýlis- og starfsfólkinu. Stundum er nánum ættingjum ekki fyrir að fara en í sumum tilfellum koma þeir, af einhverjum orsökum, einfaldlega ekki í heimsókn.

Eldri borgarar sem misst hafa maka sína á árinu eiga sérlega erfitt nú fyrstu jólin eftir missinn. Viðbrigðin eru í mörgum tilfellum átakanleg þegar fólk hefur t.a.m. átt samleið áratugum saman.

Þeir sem vinna við að hlúa að eldra fólki eru alla jafna afar næmir á líðan þess og þarfir. Lífshlaupið hefur verið mismunandi eins og gengur og gerist. Fólk sem hefur mætt miklum mótbyr á lífsleiðinni getur verið meyrt og viðkvæmt. Á erfiðum tímum skiptir miklu máli að hafa einhvern hjá sér sem hlustar. Gott faðmlag eða þétt handtak getur gert kraftaverk.

Hvort sem um er að ræða unga eða aldna er samvera og nánd iðulega mikilvægasta leiðarljósið. Gott er að hafa í huga að með hvatningu, hrósi og gleði má iðulega fá brosin til að breikka og glampa í augunum til að skína skærar. Öll getum við án efa lagt eitthvað af mörkum til að sjá til þess að eldri borgararnir í fjölskyldum okkar eigi sem flestar ánægjulegar stundir, geti notið ævidaganna í öryggi og jákvæðu andrúmslofti þar sem þeir finna sig velkomna.

**Hvort sem um er að ræða unga eða aldna er samvera og nánd iðulega mikilvægasta leiðarljósið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Að skreyta sig með þýfi

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Talið er að yfir 100.000 listaverk sem nasistar stálu af gyðingum og öðrum séu enn í röngum höndum þótt 70 ár séu liðin frá stríðslokum 1945. Fimm þessara verka náðu heimsathygli fyrir fáeinum árum þegar María Altmann sem hafði flúið gyðingaofsóknir í Austurríki ung kona og setzt að í Kaliforníu ákvað að leita réttar síns. Af því er mikil saga.

**Myndin af Adelu**

Frægasta verkið af þessum fimm er olíumálverk eftir Gustav Klimt af Adele Bloch-Bauer sem hafði verið gift föðurbróður Maríu Altmann, Ferdinand að nafni. Málverkið hékk í nær hálfa öld eftir stríð á heiðursstað í Belvedere-safninu í Vín, frægasta málverk Austurríkis, líkt og Mona Lisa í Frakklandi. Myndin hafði áður hangið á heimili fjölskyldu Maríu í Vín áður en nasistar ruddust þangað inn 1938. María var komin yfir áttrætt þegar hún afréð 1998 að láta kanna hvernig þetta málverk sem fjölskylda hennar átti hafði ratað á safnið í Vín. Til að reka málið fyrir sig fékk hún ungan lögfræðing í Los Angeles, Randol Schoenberg, sonarson Antons Schönberg, eins frægasta tónskálds Austurríkis sem eins og María og margir aðrir Evrópubúar hafði flúið til Bandaríkjanna eftir valdatöku nasista. Málverkamálið var rakið í fjölmiðlum á sínum tíma og rifjast nú aftur upp í nýrri kvikmynd, Woman in Gold þar sem Helen Mirren fer með hlutverk Maríu Altmann.

> **Sagan af Maríu Altmann vitnar um virðingarleysi fyrir lögum, rétti og sanngirni og það gerir einnig sá aragrúi listaverka sem nasistar stálu og ekki hefur enn tekizt að koma í hendur réttra eigenda.**

**Gripdeildir nasista**

Málsatvik voru þau að María Altmann fann í fórum nýlátinnar systur sinnar bréf sem vöktu hugboð um að María, sem erfingi fjölskyldunnar, væri réttur eigandi málverkanna. Ný gögn um gripdeildir nasista voru grafin upp úr austurrískum skjalageymslum eftir 1990 og þar fann



hjálplegur austurrískur blaðamaður skjöl sem sýndu að nasistar höfðu stolið málverkunum. Að vísu hafði Adele áður en hún dó 1925 beðið Ferdinand að arfleiða Belvedere-safnið að málverkinu af henni þegar þar að kæmi, en nasistar stálu myndunum áður en til þess kom. Ferdinand dó allslaus í Zürich 1945. Nasistar stálu ekki bara málverkum. Frægasta hálsmen Austurríkis sem Adele hafði um hálsinn þegar hún sat fyrir hjá Gustav Klimt prýddi háls eiginkonu Hermanns Göring, hægri handar Hitlers, í veizlum nasista í stríðinu.

Öllum málaleitunum Maríu Altmann var hafnað í Austurríki þótt hún byðist til að skilja sumar myndirnar eftir þar, fengi hún eignarrétt sinn viðurkenndan, einnig myndina af Adelu. Henni var ókleift að láta á málið reyna fyrir rétti þar eð austurrísk lög kveða á um að leggja þurfi fram sem innborgun tiltekið hlutfall af verðmæti eignarinnar sem tekizt er á um. Það var stjarnfræðileg fjárhæð sem Maríu var um megn að reiða fram.

Lögfræðingi hennar datt þá í hug það snjallræði að láta reyna á málið fyrir bandarískum dómstólum. Austurrísk yfirvöld fóru fram á frávísun á þeirri forsendu að um austurrískt innanríkismál væri að ræða og ekki væri hægt að beita lögum um skil þýfis í hendur réttra eigenda afturvirkt, en frávísunarbeiðninni var hafnað. Málið fór fyrir Hæstarétt Bandaríkjanna sem ruddi málinu braut aftur til Austurríkis. Þar náðist samkomulag um að vísa málinu í gerðardóm sem var skipaður þremur austurrískum dómurum. Þeir dæmdu Maríu Altmann allar myndirnar. Þetta var 2006. Þessar málalyktir ollu fjaðrafoki. Eftir það sem á undan var gengið afréð María Altmann að selja myndirnar á uppboði og fékk fyrir þær 327 milljónir dala. Myndin af Adelu hangir nú á safni í New York, hrakin þangað eins og María hafði sjálf verið hrakin að heiman 70 árum áður. María Altmann var meðal helztu velgerðarmanna óperunnar í Los Angeles þar sem Placido Domingo er óperustjóri og Kristinn Sigmundsson stendur reglulega á sviði. Hún lézt 2011 á 96. aldursári.

**Virðing og réttur**

Sagan af Maríu Altmann vitnar um virðingarleysi fyrir lögum, rétti og sanngirni og það gerir einnig sá aragrúi listaverka sem nasistar stálu og ekki hefur enn tekizt að koma í hendur réttra eigenda. Austurrísk yfirvöld létu sér ekki segjast fyrr en seint og um síðir: þau ætluðu í krafti lagakróka að halda áfram að skreyta Belvedere-safnið í Vín með þýfi. Er munur á því háttalagi og háttalagi Emmu Göring? Enn vantar einnig mikið upp á að gripdeildir kommúnista í Mið- og Austur-Evrópu hafi verið gerðar upp. Þjóðverjar reyndu að vanda sig eftir lok heimsstyrjaldarinnar 1945 og aftur eftir endursameiningu Þýzkalands 1990. Þýzka stjórnin hafði samband við fjölda fólks sem hafði horft á eftir eigum sínum í hendur kommúnista og bjó til lagalega umgerð um skil þýfis í hendur réttra eigenda. Þjóðverjar hafa haldið áfram að greiða fórnarlömbum nasista skaðabætur fram á síðustu ár, síðast 2012.



# Beðið eftir jólunum

**Þegar Arnar Ingi skreytti jólatré fjölskyldunnar og dáðist svo að eigin verki náði pabbi hans, Heiðar Örn Jónsson, að fanga augnablikið á filmu. Ljósmyndin var valin sú besta af dómnefnd og lesendum í jólaljósmyndakeppni Fréttablaðsins.**

Heiðar Örn Jónsson er sigurvegari í jólaljósmyndakeppni Fréttablaðsins og Vísis. Sigurmynd Heiðars er af tveggja ára syni hans, Arnari Inga, þar sem hann horfir einlægum aðdáunaraugum á skreytt jólatré fjölskyldunnar. Í verðlaun fær Heiðar Örn glæsilega Nikon D-SLR myndavél með 18-105VR linsu frá Heimilistækjum.

„Við leyfðum honum alfarið að sjá um að skreyta jólatréð og svo settist hann þarna sjálfur. Hann var búinn að sitja svona í smá stund þegar ég ákvað að grípa í myndavélina. Þetta var algjörlega spontant,“ segir Heiðar Örn. Hann er Hvanneyringur en býr á Selfossi ásamt konu sinni Selmu Ágústsdóttur og sonum þeirra tveimur. Arnar Ingi er mikið jólabarn sem og bróðir hans Sigurður Örn. Heiðar segist ekki vera mikill ljósmyndari. „Ég er aðallega að taka myndir af okkur fjölskyldunni, en ég hef mjög gaman af þessu.“

Alls bárust hátt í 400 myndir í jólakeppnina. Lesendur gátu kosið milli mynda á Vísi og hefur dómnefnd keppninnar kosninguna til hliðsjónar. Dómnefndin var skipuð þeim Kristínu Þorsteinsdóttur ritstjóra, Fanneyju Birnu Jónsdóttur og Kolbeini Tuma Daðasyni aðstoðarritstjórum og Pjetri Sigurðssyni ljósmyndara.

> **Við leyfðum honum alfarið að sjá um að skreyta jólatréð og svo settist hann þarna sjálfur.**



Heiðar Örn Jónsson, vinningshafi í jólaljósmyndakeppninni






**JÃ³lamyndakeppni 2015 myndasamkeppni HeiÃ°ar Ã–rn JÃ³nsson**

Fleiri myndir sem dómnefndinni þóttu góðar birtast í myndasyrpu á Vísi í kvöld, aðfangadagskvöld. **Allar myndirnar úr keppninni má svo skoða á visir.is/jolamyndakeppni.**



**Jólamyndatakan** **Mynd Óla Hauks Mýrdal af dóttur hans fyrir jólin þykir einkar falleg og kom sterklega til greina.**





Systkinaást Börn ljósmyndarans Rutar Bjargardóttur bræddu hjörtu landsmanna þar sem þau faðma hvort annað í hvítum jólasnjó og var myndin vinsælust meðal lesenda Vísis í jólaljósmyndakeppninni.



Við Elliðavatn Kristvin Guðmundsson átti eina þeirra mynda sem komu til álita.



Hesturinn Albína Liga Liepina átti skemmtilegt framlag sem hún tók af Thelmu Harðardóttur og hestinum Albínu frá Möðrufelli.







Gleðilega hátíð
BLUE LAGOON
ICELAND
Döðlur.



# Emilía og Mahalía

Jólasaga eftir Kristínu Eiríksdóttur.

Grýlukertið á handriðinu við útidyratröppurnar er ógnarstórt og í laginu eins og fílshöfuð. Þegar Emilía gægist út til að skima eftir kisunni sinni, Mahalíu, er hún þess fullmeðvituð að úr rjáfrinu á húsinu, beint yfir hnakka hennar hanga önnur alveg eins fönguleg.

Hún kallar storkandi út í vetrarmyrkrið: Ma-ha-lía! En ekkert gerist. Mahalía kemur ekki tiplandi á litlu hvítu loppunum sínum yfir snjóskaflinn á hlaðinu og grýlukertið lætur ekki vaða, úr rjáfrinu og á kaf í hálsinn á Emilíu. Hún vefur teppinu betur utan um sig, kallar einu sinni enn og lokar svo dyrunum. Alveg dæmigert, tautar hún, dæmigert fyrir Mahalíu að týnast á aðfangadagskvöldi. Hún sem týnist aldrei og Emilía sem hafði þó getað huggað sig við að eyða þessu bannsetta kvöldi með kettinum.

Rækjurnar hennar Mahalíu eru þiðnaðar í vaskinum og Emilía finnur fram tilbúna réttinn sem hún keypti og ætlar að hita í örbylgjunni; hamborgarhrygg með brúnuðum kartöflum og grænum baunum. Hún fyllir á glasið úr rauðvínsbeljunni og pírir augun út um gluggann, á mannlausa götuna. Hvorki eru sjáanleg dýr né menn. Allir uppteknir við hátíðahöldin ásamt fjölskyldum sínum. Klukkan langt gengin í sjö.

Emilía slær á þráðinn til sonar síns sem býr í Svíþjóð en enginn svarar. Þá hringir hún aftur og síðan aftur og aftur eða þangað til á endanum að hún heyrir rödd hans á hinum enda línunnar.

Gleðileg jól, mamma, segir hann og hljómar svolítið þvoglumæltur.

Ertu nokkuð fallinn? spyr Emilía í gamansemi.

Nei, nei, við erum í miðri máltíð, má ég hringja í þig á eftir?

Hvað eruð þið að borða?

Það er bara svona sænskt buffet, mamma, má ég hringja eftir matinn?

Má ég heyra aðeins í krökkunum?

Mamma, þau eru að borða ... ég hringi á eftir og ...

Mahalía er týnd, nær Emilía að segja en heyrir ekki svarið vegna þess að hún leggur á án þess að kveðja. Augun fyllast snöggvast af tárum sem hún strýkur strax burt og nær í matinn í örbylgjuofninn, sest við eldhúsborðið og opnar fartölvuna sína á meðan hún borðar. Fólk er að pósta jólakveðjum, myndum af hátíðarhöldunum en þó aðallega börnum í sparifötum. Emilía skrollar í gegnum Facebook og dettur í hug að skrifa sína eigin jólakveðju.

Kæru fésbókarvinir, ég óska ykkur öllum gleðilegrar hátíðar. Ég og Mahalía ætluðum að eiga saman yndislegt kvöld en Mahalía er því miður týnd þannig að fleiri rækjur fyrir mig hahaha. Gleðileg jól öllsömul! Ykkar Emilía.

Hún sendir kveðjuna frá sér en er ekki viss um að hún hafi birst á sameiginlega veggnum sem allir sjá eða bara sínum eigin vegg svoleiðis að hún sendir hana nokkrum sinnum til viðbótar. Síminn hringir en Emilía svarar ekki.

Dóttir hennar hafði boðið henni að koma og vera hjá þeim manninum hennar og barnabörnunum en Emilíu fannst hún skynja að boðið kæmi ekki frá hjartanu.

Jólin þar áður höfðu mæðgurnar rifist eftir að gjafirnar voru opnaðar sem endaði á að Emilía rauk út og þær ræddust ekkert við fyrr en á nýju ári. Síðan höfðu sáttir náðst að mestu en það var samt eitthvað sem sat í Emilíu. Einhver orð sem látin höfðu verið falla og sem hún gat ekki gleymt.

Og hvað, ætlarðu þá að vera ein bara ...? hafði dóttir hennar spurt.

Ég verð með Mahalíu, svaraði Emilía og brosti þó svo að þær væru að tala í símann vegna þess að hún hafði nýlega lesið í blaði að bros heyrast.

Þau höfðu komið við í hádeginu, fjölskyldan. Klyfjuð gjöfum, mestmegnis skólaföndri barnanna, og yngri stelpan – sem hét í höfuðið á ömmu sinni en var alltaf kölluð Millý – varð svo döpur yfir að amma hennar væri ekki með neitt jólaskraut að Emilía fann fram rauðan borða sem hún batt um hálsinn á Mahalíu.

Sko! Nú er orðið jólalegt.

Tengdasonurinn þrábað hana um að koma til þeirra um kvöldið, barnabörnin tóku undir með honum en dóttirin talaði í símann. Þær Emilía höfðu aldrei náð sérstaklega vel saman, ekki síðan þessi frumburður kom inn í líf hennar, eldrauður og organdi á allt mögulegt og ómögulegt. Nú vann þessi frumburður við einhvern inn- eða útflutning sem enginn gat útskýrt almennilega og sagði stundum brandara sem öllum nema Emilíu virtust finnast óskaplega fyndnir. Þau hjónin áttu tvö börn á grunnskólaaldri og svo áttu þau hunda og hesta og jeppa og læti og allt sem hugurinn girntist, sýndist Emilíu.

Um leið og síðasti skinkubitinn er kominn niður er eins og innra eyra Emilíu nemi neyðarmjálm Mahalíu, langdregið og hljómfagurt og hún ákveður að viðra sig eftir matinn, ganga hring um hverfið og kalla á kisu.

Ma-ha-lía! rýfur rödd hennar þögn vetrarríkisins. Bakvið gluggatjöldin ljómar hátíðin og Emilíu verður hugsað til litlu stúlkunnar með eldspýturnar, loppinna fingra hennar sem leita eftir þeirri síðustu í stokknum. Gulleitri birtu stafar á snjóskaflana sem sífellt fennir yfir aftur þennan kalda snjóþunga vetur og Emilía sér eftir að hafa ekki sett á sig mannbroddana. Hún styður sig við grindverk þar sem við svo gott er búið, en í huga hennar verður til mynd af því hvernig hún flýgur um koll í hálkunni og brýtur eitthvert bein sem síðan tekur heila eilífð að gróa. Alein á aðfangadagsköld. Kisan týnd. Brotið bein ... loksins fengi hún örlítinn forgang. Rúmliggjandi eða í hjólastól tæki hún á móti nýju ári og þá myndi enginn dirfast að skilja hana eftir eina.

En Emilía dettur ekkert og þó svo að hún myndi detta er afar ólíklegt að einhver bein hrykkju sundur. Bein hennar búa yfir óvenjulegri þéttni sem síst dregur úr með aldrinum. Hún fengi í mesta lagi kvefpest af því að liggja of lengi í snjónum eftir fallið.

Ma-ha-lí-aaaaa! kallar hún og heyrir loks ofurlítið hljóð, eins og daufar hryglur og kemur auga á eitthvað rautt í snjónum: Blóðið úr Mahalíu. Hún tekur á sprett að girðingu þar sem kisa hangir eins og krossfest. Hún hefur náð að tylla einni loppunni milli staura en er að öðru leyti alveg flækt í rauða borðanum sem hún hafði sett utan um hálsinn á henni fyrr um daginn.

Millý! er það fyrsta sem flýgur um huga hennar. Þetta er henni að kenna. Fyrir að hafa vælt undan skrautleysinu heima hjá ömmu sinni. Annars hefði þessi asnalegi borði aldrei verið utan um hálsinn á Mahalíu og þá hefði hún ekki flækst þarna og þá væri hún ekki dáin, sem Emilía gerir auðvitað ráð fyrir að hún sé.

Mahalía mín ... kjökrar hún og losar um borðann. Hún lyftir máttlausum líkamanum og hjúfrar sig að honum, finnur fyrir andardrætti og yl. Mahalía gefur frá sér aðra hryglu en liggur síðan hreyfingarlaus í fangi Emilíu spölkornið heim.

Milli heims og helju. Þegar Mahalía hengdi sig í skrautborða á sjálft aðfangadagskvöld en Emilía fékk eins konar hugboð og náði að bjarga henni á síðustu stundu, eins og hún hefði verið leidd að þessum stað, þar sem kötturinn hékk eins og Jesús á krossinum, milli heims og helju og það mátti ekki tæpara standa, en Emilía hjúkraði henni aftur til lífs. (Sem hlýtur að teljast nokkurs konar jólakraftaverk).

Svona hugsar Emilía um atburðina á meðan þeir eiga sér stað, sér sjálfa sig utan frá, yfirgefna, ögn vorkunnsamlega en óheyrilega næma í hrakförum sem þó enda vel. Þannig sér Emilía sjálfa sig yfirleitt, sem góða konu sem heimurinn hafnar, ekki alveg ósvipað Jesú, þó svo að hún myndi aldrei hugsa þá hugsun til enda ... og þegar þær koma heim leggur hún Mahalíu á uppáhaldsstaðinn sinn, á rúmið næst ofninum, og myndast við að fóðra hana á rækjum og rjóma.

Það er ekki fyrr en læðan fúlsar við hvoru tveggja sem Emilía áttar sig á að mögulega er hún orðin lasin af að hanga þarna í borða og á einni tá gjörvallan eftirmiðdaginn í frostinu. Mahalía er svo sem ekkert unglamb, fjórtán ára gömul, á hjartveikilyfjum og með slæmsku í mjöðm.

Sussu suss ... hvíslar Emilía ráðleysislega og veltir fyrir sér hvort dýralæknir sé á vakt um jólin, hvort hún geti hringt í dóttur sína og beðið um hjálp en hún fyllist reiði vegna Millýar og rauða borðans bara við tilhugsunina.

Hún vætir svamp og leggur við kjaftinn á kisu. Andardrátturinn er óreglulegur og augun lokuð nema stundum glittir í innra augnlok.

Finnurðu til? hvíslar Emilía en Mahalía svarar engu. Þær hafa fylgst að í fjórtán ár. Alveg síðan Emilía, rúmlega fimmtug, sótti hana kornunga í Kattholt, skírði hana Mahalíu og vandist því að sofna aldrei við annað en murr og mal.

Ástin mín ... segir hún við læðuna og leggur vangann á rúmið, grúfir nefið í bringu hennar og eins og alltaf á stundum sem þessum, þvert á margyfirlýst og einlægt trúleysi sitt, biður hún Almáttugan Drottin um greiða.

Ef þú bara, skal ég hvað sem er ... biður hún og um leið galopnar Mahalía augun, lítur beint á Emilíu og mjálmar:

Ástin er þolinmóð og góð.  
Ástin öfundar ekki.  
Hún er hvorki montin né dónaleg.  
Ástin frekjast ekki áfram sínar eigin leiðir.  
Hún er hvorki pirrgjörn né móðgast.  
Hún gleðst ekki yfir flónsku,  
en samgleðst sannleikanum.  
Ást umber allt,  
trúir öllu,  
vonar allt  
og þolir allt.  
Ástin endar aldrei.



# Í sambandi – allar hátíðarnar

Við hjá Veitum vitum hversu mikilvægt það er að hafa hreint, hlýtt og bjart um hátíðarnar. Þess vegna erum við í viðbragðsstöðu svo þig skorti ekki vatn, hita eða rafmagn um jól og áramót.

## Gleðilega hátíð!

**Símanúmer þjónustuversins er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á veitur.is**

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og hafa séð um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði fyrirtækisins frá því að OR var skipt upp 1. janúar 2014.

VEITUR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 15-2920

# Afmæli á aðfangadag



Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Fæðing frelsarans er ekki eina fæðingin sem fagnað er á jólunum. Fjölmargir Íslendingar eru fæddir á aðfangadag sem er kannski óvenjulegur afmælisdagur að mörgu leyti.



## Toppurinn að eiga afmæli þennan dag



„Að eiga afmæli 24. desember er toppurinn. Allir skreyta og setja upp jólatré, allir fá pakka á afmælinu mínu. Það eru meira að segja jólasveinar," segir Ruth Einarsdóttir sem kann því aldeilis ekki illa að eiga afmæli á sjálfan aðfangadag. „Það hefur aldrei pirrað mig að eiga afmæli á degi frelsarans. Þvert á móti finnst mér það dásamlegt og fólk man alltaf eftir afmælinu mínu. Það besta er auðvitað gleðin og kærleikurinn sem einkennir þennan dag," segir hún.

„Þegar ég var yngri hélt ég alltaf að jólin væru haldin vegna þess að ég ætti afmæli, ekkert sjálfhverft við það," segir Ruth og skellir upp úr.

Þegar hún var yngri var alltaf haldið upp á afmælið hennar. „Það var alltaf haldið upp á afmælið mitt í hádeginu á aðfangadag þegar ég var lítil. Í gegnum tíðina hef ég alveg hent í afmæli og þá í kringum 24. desember. Hélt þó upp á fertugsafmælið á hádegi aðfangadags."

Sum desemberbörn segja að það leiðinlegasta við að eiga afmæli nálægt jólum sé að þá sjái fólk sér stundum leik á borði og gefi sameiginlega jóla- og afmælisgjöf. Það hefur þó ekki verið vandamál í tilfelli Ruthar. „Móðir mín setti reglu um að það mætti ekki gefa mér sameiginlega jóla- og afmælisgjöf, það þorir enginn að storka henni en auðvitað hefur það komið fyrir og enginn að æsa sig yfir því enda allir glaðir á aðfangadag."

**ÞEGAR ÉG VAR YNGRI HÉLT ÉG ALLTAF AÐ JÓLIN VÆRU HALDIN VEGNA ÞESS AÐ ÉG ÆTTI AFMÆLI.**

## Þóttist í nokkur ár eiga afmæli í ágúst



„Það tók mig smá tíma að skilja til fullnustu hvernig það er að eiga afmæli á aðfangadag," segir Geoffrey Þór Huntington-Williams. Í dag er hann nokkuð sáttur við að eiga afmæli þennan dag en það var ekki alltaf svo. „Ég til dæmis þóttist í nokkur ár æsku minnar eiga afmæli 8. ágúst. Eitthvað sem ég sagði bara og vatt upp á sig. Mér fannst leiðinlegt að þurfa að útskýra fyrir hinum krökkunum heila klabbið. Ég man ekki alveg hvernig ég kom mér út úr þeirri flækju. Kannski það séu einhverjir sem halda ennþá að ég eigi afmæli þá.

Annars kenndi það mér snemma að skilgreina hvernig það er að gefa og þiggja að eiga afmæli þennan dag," segir hann um afmælisdaginn. Hann segist hafa verið duglegur að halda upp á afmælið sitt undanfarin ár. „Ég hélt upp á það núna um helgina ásamt tveimur vinum mínum, ég hef vanalega haldið veislu á Þorlák en ákvað að klára þetta fyrr núna."

Geoffrey segir flesta muna eftir afmælisdeginum, sérstaklega eftir að Facebook kom til sögunnar. „Ég á góða vini og fjölskyldu sem „muna" eftir mér. Við höldum líka jólin að enskum sið, sumsé á jóladagsmorgun, sem hjálpar aðstæðum. En þeir sem þykir vænst um mann leggja náttúrulega upp úr því að hafa daginn sem bestan fyrir mig."

**ÉG Á GÓÐA VINI OG FJÖLSKYLDU SEM „MUNA" EFTIR MÉR.**

## Margföld spenna

„Fólkið í mínu lífi þarf að bíta í þann súra epli að geta ekki sofið almennilega út á aðfangadag þar sem það er mæting stundvíslega klukkan 11.00, enda fátt betra en að starta þessum degi með heitu súkkulaði og tilheyrandi kruðerií. Það hefur alltaf verið og mun ekkert breytast, þetta er ein af þessum hefðum," segir Guðjón Ólafsson sem er fæddur á aðfangadag árið 1989.

Guðjón er þríburi og það var því mikill spenningur fyrir þessum degi á heimili hans. „Það var vissulega spenningur og hann byrjaði yfirleitt í byrjun september. Að eiga afmæli á þessum degi sem barn ýtti bara meira undir tilhlökkunina, hvað þá að við vorum þrjú, við æstum hvert annað bara upp. Það kom mér allavega ekkert voðalega mikið á óvart að gráu hárin hjá foreldrum okkar létu sjá sig kannski 3-4 árum fyrr en venjulega gerist," segir hann kíminn.

Guðjón segir það stundum hafa pirrað sig að eiga afmæli á þessum degi. „Guð já, þegar maður er lítill þá snúast jólin einungis um pakka, það er staðreynd, hvað þá þegar maður fær bara pakka einu sinni á ári. Ég man að það var alltaf ákveðinn skellur þegar skyldmenni okkar komu með einn pakka og svo fylgdi setningin: „Þetta er bæði afmælis- og jólapakki, þú ræður hvort þú opnar hann núna eða í kvöld." Ég hugsaði alltaf: Ertu ekki að grínast? Gastu ekki bara komið með tvo? Ég er nokkuð viss um að aðrir sem deila þessum degi með mér tengja við þetta," segir hann hlæjandi. „En svo þegar maður eldist og þroskast þá skipta pakkarnir náttúrulega engu máli, og það er án efa ekkert sem pirrar mig við að eiga afmæli á þessum degi."

Guðjón segir það besta við afmælisdaginn vera að það sé gestagangur allan daginn. „Maður er ekkert beint að bíða eftir kvöldinu, heldur er allur dagurinn dagskrá. Svo er það bara punkturinn yfir i-ið þetta hefðbundna sem byrjar klukkan 18.00 á flestum heimilum landsins. Það er í raun ekkert vont við að eiga afmæli þennan dag. Ég myndi allavega ekki vilja eiga afmæli á neinum öðrum degi ... væri kannski til í að prófa það einu sinni ... en alls ekki oftar."

**ÞAÐ ER Í RAUN EKKERT VONT VIÐ AÐ EIGA AFMÆLI ÞENNAN DAG.**

## Ánægð með athyglina sem fylgdi deginum



„Það er nú bara nokkuð gaman að eiga afmæli þennan dag og gefur deginum aukið vægi. Það er ekki slæmt að vera aðalprinsessan á þessum degi," segir Sigurlaug Pétursdóttir.

Á afmælisdeginum kíkja ættingjar við. „Það er alltaf til eitthvað með kaffinu yfir daginn og ættingjar og vinir hafa verið duglegir að halda í þá hefð að líta inn í tilefni dagsins."

Sigurlaug segir það ekki hafa pirrað sig að eiga afmæli þennan dag. „Nei, þvert á móti og ég var alltaf frekar ánægð með þessa athygli sem fylgdi deginum þegar ég var yngri, eiginlega soldið montin bara," segir hún og tekur fram að flestir muni eftir afmælinu. „Ég held að fólki finnist jafnvel dálítið skrítið að eiga afmæli þann 24. svo það eru fæstir sem gleyma því. Oft slær fólk tvær flugur í einu höggi og sendir mér afmæliskveðju í jólakortunum. Pabba tókst reyndar að gleyma honum einu sinni," segir hún hlæjandi.

Sigurlaug segir það hafa komið fyrir að hún hafi fengið sameiginlegar jóla- og afmælisgjafir. „Mamma vill ekki viðurkenna að það hafi komið fyrir, gjöfin hafi þá allavegana verið mjög stór."

Sigurlaug segist sjá fleiri kosti en galla við að eiga afmæli þennan dag. „Það er gaman að geta alltaf haldið í þá hefð að hafa afmæliskaffi á afmælisdeginum sjálfum. Þá eru meiri líkur á að maður hitti vini sína við gott tilefni og þeir geta gengið að veitingum vísum á þessum degi. En á móti kemur að maður hefur minni möguleika á að hafa alvöru partí í kringum afmælið nema þá löngu síðar þegar allir eru komnir í aðhald. Einhvern tímann hefði ég sagt að það væri réttur að fá að sofa út á afmælinu sínu en í seinni tíð er það aldrei möguleiki þegar eru komin börn og við farin að halda jólin sem fjölskylda."

**OFT SLÆR FÓLK TVÆR FLUGUR Í EINU HÖGGI OG SENDIR MÉR AFMÆLISKVEÐJU Í JÓLAKORTUNUM. PABBA TÓKST REYNDAR AÐ GLEYMA HONUM EINU SINNI.**

# STARFSFÓLK ICELAND ÓSKAR LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

**AFGREIÐSLUTÍMAR UM JÓLIN**

**24. DESEMBER, AÐFANGADAGUR:**
Opið til kl. 16

**25. DESEMBER, JÓLADAGUR:**
Opnað á miðnætti

**26. DESEMBER, ANNAR Í JÓLUM:**
Opið allan sólarhringinn

Iceland




Frumsýning 26. desember

## Sporvagninn Girnd

*eftir Tennessee Williams*

Hið seiðmagnaða leikrit Sporvagninn Girnd hlaut Pulitzer verðlaunin þegar það var frumflutt árið 1947 og er eitt þekktasta verk bandarískra leikbókmennta á 20. öld.
Leikstjórn: Stefán Baldursson

Frumsýning 29. desember

## ≈ [um það bil]

*eftir Jonas Hassen Khemiri*

Glænýtt verk eftir þekktasta samtímaleikskáld Svía, bráðfyndið og harkalegt í senn. Hvað þarf raunverulega til, til þess að leikrit sé miðaverðsins virði?
Leikstjórn: Una Þorleifsdóttir

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 65 1950 – 2015

# Með leikandi hátíðarkveðju!

Frábærar viðtökur það sem af er þessu leikári fylla okkur þakklæti, gleði og stolti. Allar sýningar hafa gengið betur, orðið fleiri eða selst oftar upp en bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir. Við erum ekki síst þakklát og stolt yfir ómetanlegu framlagi alls starfsfólks hússins.

Um leið og við þökkum landsmönnum samfylgdina á árinu sendum við hlýjar óskir um gleðilega hátíð og gæfuríkt komandi ár, með gnótt af andlegri næringu.





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Afgreiðslutímar um hátíðirnar

## Læknisþjónusta, Neyðarlínan, Rauði krossinn, Kvennaathvarf

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi**
Opið allan sólarhringinn alla daga.
**Aðalsímanúmer** Landspítala 543-1000
**Beint innval á slysadeild í Fossvogi** 543-2000. Sinnir neyðartilvikum.

**Læknavakt heilsugæslunnar**
**Aðfangadagur** ***9-18 og 20.30-23***
**Jóladagur** ***9-23.30***
**Annar í jólum** ***9-23.30***

**Vitjanasími 1770**
**Aðfangadagur** ***8-00.00***
**Jóladagur** ***8-00.00***
**Annar í jólum** ***8-00.00***
**Símaráðgjöf 1770** (opið allan sólarhringinn alla dagana)

**Neyðarlínan**
**Neyðarsíminn** 112 er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðarnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn**
1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður hann opinn yfir alla jólahátíðina.

**Stígamót**
Hjá Stígamótum er lokað yfir hátíðarnar og milli jóla og nýárs. Fólki er bent á Neyðarmóttöku og Kvennaathvarfið.

**Kvennaathvarfið**
Opið allan sólarhringinn, alla daga.
**Símanúmer** 561-12-05

**SÁÁ göngudeild**
**Aðfangadagur** ***Opið 9-12***
**Gamlársdagur** ***Opið 9-12***
Bent er á slysa- og bráðamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

**Tannlæknar**
Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysa- og bráðamóttöku þegar um alvarlegt slys er að ræða. Tannlæknar skiptast þó á um að hafa stofur sínar opnar yfir hátíðarnar.

**Aðfangadagur** ***Opið 9-11*** hjá Benedikt B. Ægissyni.
**Jóladagur** ***Opið 10-12*** hjá Hlyni Þór Auðunssyni.
**Annar í jólum** ***Opið 10-12*** hjá Sveinbirni Jakobssyni.
**Sunnudagur 27. desember** ***Opið 10-12*** hjá Þóri Hannessyni.
**Mánudagur 28. desember** ***Opið 10-12*** hjá Benedikt B. Ægissyni.
**Þriðjudagur 29. desember** ***Opið 10-12*** hjá Birgi Péturssyni.
**Miðvikudagur 30. desember** ***Opið 12-14*** hjá Þóri Hannessyni.
**Gamlársdagur** ***Opið 9-11*** hjá Hallfríði Gunnsteinsdóttur.
**Nýársdagur** ***Opið 10-12*** hjá Hlyni Þór Auðunssyni.
**Laugardagur 2. janúar og sunnudagur 3. janúar** ***Opið 10-12*** hjá Úlfi Guðmundssyni.

## Apótek

**Lyfja**
**Aðfangadagur**
***Opið 8-18*** Afgreiðslustaðir Lyfju Lágmúla og á Smáratorgi.
***Opið 9-12*** Laugavegur, Keflavík, Selfoss.
***Opið 10-12*** Blönduós, Borgarnes, Egilsstaðir, Eskifjörður, Grindavík, Húsavík, Höfn, Ísafjörður, Neskaupstaður, Nýbýlavegur, Reyðarfjörður, Sauðárkrókur og Stykkishólmur.
***Opið 11-12*** Hvammstangi.
**Jóladagur**
***Opið 9-24*** Lyfja Smáratorgi.
***Opið 10-24*** Lyfja Lágmúla.
**Annar í jólum** ***Opið 8-24*** Lyfja Lágmúla og á Smáratorgi.

**Árbæjarapótek**
**Aðfangadagur** ***Opið 9-12***
**Lokað á jóladag og annan í jólum**

**Lyfjaval**
**Aðfangadagur** ***Opið 9-12*** Lyfjaval Álftamýri, Mjódd og í Keflavík (Apótek Suðurnesja).
***Opið 10-14*** Bílaapótek.
Lokað á jóladag og annan í jólum á öllum stöðum.

**Lyfjaver**
**Aðfangadagur** ***Opið 8.30-12***
Lokað jóladag og annan í jólum

## Samgöngur, sundlaugar, stórmarkaðir, söfn

**SAMGÖNGUR**
**Aðfangadagur** Strætó ekur samkvæmt áætlun til um kl. 15.
**Jóladagur** Ekið samkvæmt sunnudagsáætlun.
**Annar í jólum** Ekið samkvæmt sunnudagsáætlun.
Nánari upplýsingar á ***straeto.is***

**SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
**Aðfangadagur**
***Opið 6.30-11*** Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug og Sundhöll Hafnarfjarðar
***Opið 8-12*** Sundlaug Kópavogs, Sundlaugin Versölum, Lágafellslaug og Varmárlaug.
***Opið 8-12.30*** Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöllin, Vesturbæjarlaug og Seltjarnarneslaug.
**Jóladagur**
Lokað í sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.
**Annar í jólum**
***Opið 8-18*** Sundlaug Kópavogs og Sundlaugin Versölum.
***Opið 9-18*** Lágafellslaug.
***Opið 12-18*** Árbæjarlaug og Laugardalslaug.
Lokað í öðrum laugum.
***Opið 10-12.30*** Klébergslaug

**STÓRMARKAÐIR**
**Bónus**
**Aðfangadagur** ***Opið 10-14***
**Jóladagur** ***Lokað***
**Annar í jólum** ***Lokað***

**Hagkaup**
**Aðfangadagur**
***Opið til 16*** Verslanir Hagkaupa í Skeifunni, Spönginni, Garðabæ, Eiðistorgi og Akureyri.
***Opið til 14.*** Aðrar verslanir Hagkaupa.
**Jóladagur** Allar verslanir lokaðar.
**Annar í jólum**
***Opnað kl. 11*** í verslununum í Skeifunni, Spönginni, Garðabæ og Eiðistorgi. Aðrar verslanir eru lokaðar.

**Krónan**
**Aðfangadagur** ***Opið 9-14***
**Jóladagur** Allar verslanir lokaðar.
**Annar í jólum**
***Opið 10-20*** í Árbæ, Breiðholti, Hamraborg, Hvaleyrarbraut og Nóatúni 17.

**SÖFN**
**Listasafn Reykjavíkur**
Hafnarhús, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn
**Annar í jólum** ***Opið 13-17*** í öllum söfnum.

**Listasafn Íslands**
***Lokað til 27. desember.***

**Þjóðminjasafn Íslands**
**Aðfangadagur** ***Opið 11-12*** fyrir jólasveininn.
**Jóladagur** ***Opið 10-14*** í Þjóðminjasafninu og Safnahúsinu við Hverfisgötu.
**Annar í jólum** ***Opið 10-17*** í Þjóðminjasafninu og Safnahúsinu við Hverfisgötu.

**Hafnarborg** ***Lokað til 27. desember***

**GLEÐILEG JÓL**
**Útvarpsmessan hefst á Rás 1 klukkan 18 í dag. Messað verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík. Hjálmar Jónsson predikar. Aftansöngur jóla verður sendur út á RÚV klukkan 22. Guðsþjónustan var tekin upp í Breiðholtskirkju.**






**TÖFFARI** Gamli kaupmaðurinn sem gekk um í Armani-jakkafötum daglega er kominn í gallabuxur og gallaskyrtu og nýtur lífsins.

# FRÁ VERSLUN Í LISTSKÖPUN

**SMEKKMAÐUR** *Sævar Karl Ólason kaupmaður í áratugi ákvað að selja verslun sína í góðærinu og helga líf sitt myndlist. Hann fór í Listaháskóla Íslands og flutti síðan til München þar sem hann vinnur að listsköpun sinni.*

MYND/STEFAN





**BREYTT LÍF** Sævar Karl hefur snúið við blaðinu og helgar líf sitt myndlistinni. Verkin hans eru litrík og falleg. MYND/STEFÁN

Sævar Karl minnist jólamánaðarins með hlýju. „Það var virkilega skemmtilegt að vera farsæll kaupmaður, sérstaklega þegar maður eignast marga fastakúnna. Ég var svo lengi í þessu starfi að maður afgreiddi nokkrar kynslóðir í sömu fjölskyldu. Desember var skemmtilegur í verslun en um leið mjög annasamur. Jólaverslunin var svolítið öðruvísi hér áður fyrr. Allir komu í miðbæinn rétt fyrir jól og það var mikil stemning. Nú hefur verslunin færst mikið yfir í verslunarmiðstöðvar og á netið. Þetta var góður tími en núna er ég að gera annað skemmtilegt, það er myndlistin sem hefur lengi heillað mig,“ segir Sævar Karl.

### FORÐAST MYRKRIÐ

„Þegar við hjónin seldum fyrirtækið ákváðum við að breyta til. Báðir synir okkar hafa verið búsettir erlendis lengi og okkur fannst við vera nær fjölskyldunni með því að búa í Þýskalandi. Annar sonur okkar, Þórarinn Örn, er læknir í Ósló, hann er kvæntur og á þrjú börn. Yngri sonurinn heitir Atli Freyr en hann starfar við tískugeirann í Mannheim í Þýskalandi þrátt fyrir að vera menntaður heimspekingur. Það má kannski segja að hann hafi fetað í fótspor mín,“ segir Sævar Karl en hann og kona hans, Erla Þórarinsdóttir, eiga enn húsið sitt í Reykjavík og búa hér yfir sumarmánuðina. „Það er ekki þægilegt að vinna sem listmálari í myrkrinu hér heima á veturna. Ég vil hafa dagsbirtu í kringum mig. Dagurinn er lengri sunnar í Evrópu. Ég er með vinnustofu í München og mála á hverjum degi,“ segir hann en Sævari hefur gengið vel að selja verkin sín í Þýskalandi.

### ÖFUGSNÚINN

Sævar Karl er fæddur 1947 og er því 68 ára. Hann fetaði myndlistarbrautina kannski öfugt miðað við flesta sem byrja ungir í listsköpun. „Mér finnst mjög skemmtilegt að sinna listinni núna og hef eignast mikið af góðum vinum á öllum aldri. Aldurinn skiptir engu máli og mér finnst ég alls ekki gamall. Það eru gríðarlega margir mjög góðir listamenn í Þýskalandi og samkeppnin er hörð. Mikið framboð af fínni list,“ segir hann.

Sævar Karl stundaði nám við Myndlistarskólann í Reykjavík á meðan hann var kaupmaður. Síðan skellti hann sér í Listaháskóla Íslands. „Þegar ég flutti til Þýskalands árið 2007 fór ég í þriggja ára nám í myndlist. Ég er búinn að læra mikið hjá vel þekktum og frábærum kennurum. Draumur minn var að læra meira en ég hafði alltaf mjög gaman af því að fara einu sinni í viku í Myndlistarskólann í Reykjavík meðfram vinnunni,“ segir hann. „Það var gott að geta kúplað sig út úr þessu venjulega búðarstressi og kynnast öðruvísi fólki. Ég mæli með því að fólk geri eitthvað skapandi því það nærir sálina,“ segir Sævar Karl sem notar ekki farsíma, einn fárra Íslendinga. „Það hringir enginn í mig,“ segir hann.

### Í BORG LISTARINNAR

Sævar Karl hefur alltaf verið mikill fagurkeri eins og verslun hans bar vott um. Hann kynnti lúxusfatamerki fyrir Íslendingum sem margir féllu fyrir. Sævar Karl byrjaði ferilinn sem klæðskeri og lagði mikla áherslu á vönduð efni. Þá strax eignaðist hann marga fasta viðskiptavini sem fylgdu honum alla tíð. „Ætli megi ekki segja að klæðskerinn tengist því sem ég er að gera núna, að skapa list. Í München eru einhver bestu söfn sem um getur. Það er stutt fyrir mig að fara og skoða fallega list, til dæmis frá Egyptum, Grikkjum, frá endurreisnartímabilinu eða nútímalist. Þarna eru gríðarlega fjölbreytt söfn auk þess sem stutt er að aka til annarra landa,“ segir Sævar Karl og viðurkennir að það eigi vel við hann að búa í München.

„Þetta er falleg menningarborg. Hún var endurreist eftir stríð í upprunalegum stíl. Borgin er sjarmerandi og gott fólk sem þarna býr. Við höfum eignast marga góða vini í München.“

Þegar hann er beðinn að lýsa list sinni, svarar hann: „Ég er koloristi, hef gaman af sterkum og skærum litum. Ég mála mikið abstrakt en er líka fígúratífur. Síðan mála ég bæði með akrýl og olíu.“

### FJÖLBREYTT AÐVENTA

Sævar Karl og Erla höfðu ekki áður búið í útlöndum svo þetta er ný reynsla fyrir þau. „Venjulega flytur fólk til útlanda á yngri árum, öfugt við okkur,“ segir hann. Að þessu sinni ætla þau að halda jól og áramót á Íslandi. „Þetta eru önnur jólin okkar hér síðan við fluttum út. Við ætlum að halda jól með tengdamóður minni sem er níræð, hitta ættingja og vini. Það verður virkilega ánægjulegt. Við vorum búin að njóta aðventunnar í Þýskalandi en München er sannkölluð jólaborg. Allar gerðir af jólamörkuðum um alla borg. Í næstu götu við okkar er jólamarkaður sem kallast Pink Market en þar eru samkynhneigðir með sinn markað. Síðan er miðaldamarkaður þar sem fólk er klætt samkvæmt því sem tíðkaðist fyrr á öldum, slær í járn og þess háttar. Aðventan er fjölbreytt og skemmtileg í Þýskalandi.“

### BETRI MIÐBÆR

Þegar Sævar Karl er spurður hvort honum finnist skrítið að ganga Bankastrætið núna og horfa á gamla verslunarhúsið sitt, svarar hann því neitandi. „Að mörgu leyti finnst mér skemmtilegra að koma í Bankastrætið núna en áður. Breytingarnar á borginni eru til mikilla bóta að mínu mati. Það er bæði fallegra um að litast og frábært það sem er verið að gera. Mér finnst þetta allt mjög jákvætt. Það er svo mikið um að vera í miðbænum sem er afar ánægjulegt. Mörg fín veitingahús og maturinn betri. Miðbærinn hefur lifnað við og túristarnir kunna að klæða sig eftir veðri. Við getum margt lært af þeim,“ segir Sævar

Hann segist ekki vita hvort þau hjónin muni setjast að í Þýskalandi. „Mér finnst ég ekkert eldast og er að gera það sem mér finnst skemmtilegast. Við eigum þrjú barnabörn sem eru miklir vinir okkar og við gerum margt skemmtilegt saman. Það er svo gaman að eiga barnabörn, það er einhver önnur tilfinning heldur en þegar maður eignaðist sín eigin börn,“ segir hann og hlær.

Sævar Karl segist ekki vera neitt sérstakt jólabarn og hefur ekki þörf fyrir að halda í gamlar hefðir. „Á aðfangadag í fyrra fórum við út að borða með góðum vinum í München. Við viljum bara njóta og hafa gaman,“ segir maðurinn sem notaði slagorðið: „Ég hef einfaldan smekk, vel aðeins það besta,“ í auglýsingum sínum.

elin@365.is

## SKAPANDI

„Það var gott að geta kúplað sig út úr þessu venjulega búðarstressi og kynnast öðruvísi fólki. Ég mæli með því að fólk geri eitthvað skapandi því það nærir sálina,“

EFLA

# EFLA leitar að liðsauka

Vegna aukinna umsvifa óskar EFLA verkfræðistofa eftir að ráða í eftirtalin framtíðarstörf.

**Ertu öflugur verkefnastjóri?**

EFLA leitar að öflugum verkefnastjóra til starfa á verkefnastjórnunarsviði fyrirtækisins. Viðkomandi verður að hafa mikla þekkingu á byggingum og byggingastarfsemi og reynslu af verkefnastjórnun á því sviði. Einnig er kostur að viðkomandi hafi þekkingu af öryggismálum á vinnusvæðum. Við bjóðum spennandi starfsumhverfi og áhugaverð verkefni.

**Hæfniskröfur:**

- Byggingaverk- eða tæknifræðingur.
- Meistaragráða er kostur.
- Vottun í verkefnastjórnun er kostur.
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Góð tölvuþekking er skilyrði.
- Reynsla af verkefnastjórnun er nauðsynleg.

---

**Hefur þú gaman af skipulagi?**

EFLA leitar að öflugum starfsmanni með þekkingu og reynslu af áætlanagerð. Um er að ræða tímaáætlanir í Prima Vera og kostnaðaráætlanir í framkvæmdum. Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er nauðsynleg. Við bjóðum spennandi starfsumhverfi og áhugaverð verkefni.

**Hæfniskröfur:**

- Verk- eða tæknifræðingur.
- Meistaragráða er kostur.
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun er nauðsynleg.
- Mjög góð tölvuþekking er skilyrði.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 15. janúar næstkomandi.

**Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.**

**Umsóknarfrestur**
15. janúar 2016

**Nánari upplýsingar:**
412 6000 eða job@efla.is

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI



EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 270 samhentra starfsmanna.

Framúrskarandi fyrirtæki 2010 2014

ANAB BSI



capacent

## Kæri viðskiptavinur, gleðileg jól

Starfsfólk Capacent óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum samskiptin á liðnum árum.

# FORSTÖÐUMAÐUR ÞJÓÐHAGSVARÚÐAR

▶ Fjármálaeftirlitið leitar að öflugum einstaklingi í starf forstöðumanns yfir teymi þjóðhagsvarúðar á greiningasviði

Starfið felur í sér umsjón með einingu sem hefur það hlutverk að greina kerfisáhættu og þróun á fjármálamörkuðum og miðla þeim upplýsingum út á við og til annarra starfseininga Fjármálaeftirlitsins. Einnig gerir teymið tillögur um breytingar á lögum og mótar reglur og leiðbeiningar er varða stýringu áhættu á fjármálamarkaði.

## Starfssvið

- Ábyrgð á greiningu markaða og gerð álagsprófa
- Mat á fjármálastöðugleika og kerfisáhættu
- Umsjón með gerð og framkvæmd verkáætlunar
- Ábyrgð á framsetningu og miðlun upplýsinga
- Ábyrgð á daglegum rekstri og mótun liðsheildar
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi eða mikil reynsla sem nýtist í starfi, einkum á sviði fjármála eða hagfræði
- Viðeigandi þekking á fjármálamörkuðum og áhrifaþáttum fjármálastöðugleika nauðsynleg
- Rík greiningarhæfni og þekking á gerð álagsprófa
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, ábyrgð, heiðarleiki og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku sem og í miðlun upplýsinga

Frekari upplýsingar veita Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri (jonthor@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

VESTURBYGGÐ

# Vesturbyggð auglýsir eftir skólastjóra og tónlistarkennara við Tónlistarskóla Vesturbyggðar

Vesturbyggð auglýsir eftir skólastjóra og tónlistarkennara við Tónlistarskóla Vesturbyggðar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Húsnæði í boði. Nánari upplýsingar veitir: Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, asthildur@vesturbyggd.is og í síma 864-2261.

# Húsvörður

Húsfélag Sléttuvegar 19-21 og 23, 103 Reykjavík óskar eftir að ráða húsvörð til starfa. Starfinu fylgir 3ja herb. íbúð og er búseta þar skilyrði.
Starfið gæti hentað vel samhentum hjónum. leitað er að einstaklingi sem er handlaginn, lipur í samskiptum, reglusamur, samviskusamur, þjónustulundaður og reyklaus.

Helstu verkefni starfsinns eru: þrif, umsjón og eftirlit með húseigninni, umhirða lóðar, minni háttar viðhald og umsjón með verktökum, aðstoð við íbúa hússins og önnur tilfallandi störf.
Íbúar hússins eru 60 ára og eldri. Húsvörður heyrir undir hússtjórn.
**Umsóknarfrestur er til 30. desember nk.** Æskilegt er að mynd, ferilskrá og meðmæli fylgi umskókn. Staðan er laus frá 1. febrúar 2016. Vinsamlegast sendið umskókn á box@frett.is merkt **„Húsvörður-2412"**

IVF-klíníkinReykjavík

# Móttökuritari óskast

Við erum að leita að starfsmanni til að vinna með okkur á nýju tæknifrjóvgunardeildinni okkar, IVF Klíníkin Reykjavík, sem opnar í febrúar. Sem móttökuritari munt þú verða andlit fyrirtækisins og sinna fjölbreyttu starfi í spennandi fyrirtæki.

## Í hverju felst starfið?

Starfið felst í að taka á móti skjólstæðingum deildarinnar á staðnum, í síma og í tölvu, taka við greiðslum og sjá um frágang gagna. Í starfinu felst einnig frágangur og umhirða á deildinni og önnur tilfallandi verkefni.

## Að hverjum erum við að leita?

Við erum að leita að manneskju sem hefur reynslu af heilbrigðis-, þjónustu- eða verslunarstörfum og grunn tölvukunnáttu. Góðrar enskukunnáttu er þörf og æskilegt er að hafa tök á einhverju Norðurlandatungumáli.
Við leggjum mikið upp úr góðri samskiptahæfni, jákvæðni, þjónustulund og sveigjanleika.

## Vinnutími

100% starf sem unnið er á hefðbundnum dagvinnutíma á virkum dögum. Einstaka almenna frídaga má búast við að þurfa að vinna.

## Hafðu samband

Umsóknir óskast sendar til Snorra Einarssonar yfirlæknis á tölvupóstfangið snorri.einarsson@ivfklinikin.is
**Umsóknarfrestur er til 31.12.2015**

Kíktu inn á heimasíðuna okkar www.ivfklinikin.is til að fá nánari upplýsingar



*Starfsfólk Intellecta óskar þér og þínum gleðilegra jóla, árs og friðar*

*Með kærri þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða*

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

# Viltu slást í för með fagdjörfu hugbúnaðar-fyrirtæki?

Applicon

**Applicon leitar að starfsfólki með ríka þjónustulund**


Applicon
Borgartún 37
101 Reykjavík

563 61 00
applicon@applicon.is
applicon.is


## / Ert þú viðskiptagreindur?

Við leitum að starfskrafti til að takast á við fjölbreyttar þarfir viðskiptavina okkar á sviði viðskiptagreindar.

**Helstu verkefni**

/ Þátttaka í verkefnum á sviði viðskiptagreindar
/ Hönnun og uppsetning viðskiptagreindarkerfa
/ Þarfagreining og framsetning gagna

**Menntunar- og hæfniskröfur**

/ Háskólamenntun í viðskipta-, tölvunar- eða verkfræði
/ Brennandi áhugi á greiningu og framsetningu gagna
/ Þekking á tölum til viðskiptagreindar er kostur
/ Reynsla af viðskiptagreind kostur
/ Sjálfstæði, ábyrgð og öguð vinnubrögð
/ Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi til að vinna í alþjóðlegu umhverfi

## / Er .NET eða Javascript þitt tungumál?

Við leitum að framúrskarandi forriturum til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni.

**Helstu verkefni**

/ Hönnun og þróun eigin lausna
/ Þróun í .NET, React og Angular
/ Forritun og tæknilegar útfærslur fyrir viðskiptavini

**Menntunar- og hæfniskröfur**

/ Háskólamenntun eða víðtæk reynsla sem nýtist í starfi
/ Þekking á .NET skilyrði
/ Reynsla á sviði hugbúnaðargerðar og/eða ráðgjafar er kostur
/ Sjálfstæði, ábyrgð og öguð vinnubrögð
/ Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu

## / Viltu gefa öflugustu fyrirtækjum landsins ráð?

Við leitum að metnaðarfullum ráðgjöfum í krefjandi störf til að styrkja öflugan hóp SAP ráðgjafa

**Helstu verkefni**

/ Ráðgjöf, uppsetning og þjónusta við SAP viðskiptahugbúnað
/ Þátttaka í innra starfi til eflingar SAP ráðgjafahóps
/ Áhugi á að starfa í alþjóðlegu umhverfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**

/ Háskólamenntun í viðskipta-, verk-, eða tölvunarfræði
/ Reynsla á sviði hugbúnaðarráðgjafar er kostur
/ Öguð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
/ Þekking á SAP er mikill kostur
/ Hæfni í mannlegum samskiptum

## / Ertu frábær í að prófa nýja hluti?

Við leitum að öflugum einstakling til að styrkja þá miklu vöruþróun sem er í gangi.

**Helstu verkefni**

/ Prófanir á Applicon hugbúnaði
/ Þátttaka í að efla vöruþróunarferil Applicon

**Menntunar- og hæfniskröfur**

/ Háskólamenntun sem nýtist í starfi
/ Öguð vinnubrögð, nákvæmni og skipulagshæfileikar
/ Áhugi á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi
/ Áhugi og hæfni í mannlegum samskiptum
/ Reynsla í hugbúnaði er kostur
/ Þekking á SQL og C# er kostur

## / Ert þú forritari sem leitar að nýrri áskorun?

Við leitum að forritara sem yrði hluti af öflugu teymi sérfræðinga á sviði fjárhagslausna Vigor. Unnið er m.a. með CA Plex.

**Helstu verkefni**

/ Hönnun og þróun á Vigor viðskiptalausnum
/ Samþætting kerfa
/ Greining á þörfum viðskiptavina
/ Þjónusta og samskipti við viðskiptavini

**Menntunar- og hæfniskröfur**

/ Háskólamenntun eða víðtæk reynsla sem nýtist í starfi
/ Vilji og hæfileiki til að læra CA plex-forritunarmálið og nota í verkefnum
/ Reynsla af hugbúnaðargerð og gagnagrunnsforritun
/ SQL og C# reynsla er kostur
/ Sjálfstæði, ábyrgð og öguð vinnubrögð
/ Hæfni í mannlegum samskiptum

## / Er kerfisrekstur fyrir þig?

Við leitum að framúrskarandi starfskrafti til að takast á við innleiðingu og rekstur á kerfum viðskiptavina okkar og rekstur eigin kerfa.

**Helstu verkefni**

/ Innleiðing, rekstur og uppfærslur á SAP kerfum
/ Innleiðing, rekstur og uppfærslur á Windows umhverfum, stýrikerfum og gagnagrunnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

/ Háskólamenntun eða víðtæk reynsla sem nýtist í starfi
/ Reynsla af kerfisrekstri
/ Brennandi áhugi á stýrikerfum og gagnagrunnum
/ Sjálfstæði, ábyrgð og öguð vinnubrögð
/ Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi til að vinna í alþjóðlegu umhverfi

Applicon er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar. Fyrirtækið hefur þróað fjölmargar sérlausnir fyrir sveitafélög, sjávarútvegsfyrirtæki, fjármálafyrirtæki og orkufyrirtæki sem og lausnir á sviði mannauðs- og launamála. Hjá Applicon starfa 110 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og eru starfstöðvar í Reykjavík, Akureyri og Stokkhólmi. Applicon er hluti af Nýherjasamstæðunni og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi árið 2014.

**Nánari upplýsingar veitir**
**Erla Andrea Pétursdóttir, eap@applicon.is.**

Umsóknarfrestur er til **10. janúar 2016.**

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru trúnaðarmál. Sækið um á vefnum okkar, **www.applicon.is**

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

## Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) auglýsir eftir tveimur læknum á starfsstöðina á Blönduósi.

### Auglýst er 100% staða yfirlæknis

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að vinna að frekari uppbyggingu og þróun þjónustu á starfssvæðinu. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lækninga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, æskilegt sérfræðileyfi í heimilislækningum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Menntun og eða reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgist skipulag læknisþjónustu, bæði dag- og vaktþjónustu
- Ber faglega og rekstrarlega ábyrgð
- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta í héraði
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunardeildum
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna
- Þverfagleg samvinna innan og utan starfstöðvar

Stofnunin óskar meðmæla.

**Auglýst er eftir lækni í 100% stöðu.** Næsti yfirmaður er yfirlæknir á starfstöð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt lækningaleyfi, sérfræðileyfi í heimilislækningum er æskilegt
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Menntun og eða reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

**Helstu verkefni:**
- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta í héraði
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunardeildum
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna
- Þverfagleg samvinna innan og utan starfstöðvar

Stofnunin óskar meðmæla.

Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is eða á síðunni http://www.starfatorg.is/
Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá. Leggja skal fram staðfest afriti af opinberu starfsleyfi ásamt upplýsingum um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf.
Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til mannauðsstjóra HSN, Hafnarstræti 99, 600 Akureyri.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.
**Umsóknarfrestur um störfin eru til 25. janúar 2016 og eru störfin veitt skv. nánara samkomulagi.**

Nánari upplýsingar um störfin veita:
Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækninga HSN í síma 455-4000 eða orn.ragnarsson@hsn.is og Þórhallur Harðarson, mannauðsstjóri í síma 892-3091 eða thorhallur.hardarson@hsn.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða.

*Heilbrigðisstofnun Norðurlands tók til starfa þann 15. október 2014 við sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi annarra en Sjúkrahússins á Akureyri og nokkurra hjúkrunar- og dvalarheimila.*

*Þær heilbrigðisstofnanir sem mynduðu Heilbrigðisstofnun Norðurlands voru eftirfarandi stofnanir:*

*Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilsugæslan á Akureyri, Heilsugæslan á Dalvík, Heilbrigðis-stofnunin Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.*

*Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær því frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri. Á upptökusvæðinu búa um 35.000 manns og starfsmannafjöldi er rúmlega 520 talsins. Heildarvelta HSN er um ríflega 4,8 milljarðar króna.*

*Heilbrigðisstofnun Norðurlands veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma.*

SÓLVANGUR

## Húsvarsla
### (umsjón fasteigna)

Hjúkrunarheimilið Sólvangur Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann til að sjá um rekstur fasteig na heimilisins, auk þess að sinna ýmsum smáviðgerðum og þjónustu við starfsemina. Um 80% starfshlutfall er að ræða.

Viðkomandi þarf að vera handlaginn og hafa góða þjónustulund.

**Umsóknarfrestur er til 31. desember** og skulu umsóknir sendar á netfangið: kristjan@sunnuhlid.is
Nánari upplýsingar veitir Kristján Sigurðsson, gsm 618 9200

## HRAUNBÚÐIR VESTMANNAEYJUM
## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Laust er til umsóknar 100 % stöðugildi hjúkrunarfræðings á hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir í Vestmannaeyjum sem skipta má upp í tvær stöður. Á Hraunbúðum eru 28 hjúkrunarrými, 8 dvalarrými og 1 skammtímarými auk annarrar þjónustu við eldri borgara. Nánari upplýsingar um heimilið má sjá inn á *www.hraunbudir.is*

**Helstu verkefni**
- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við hjúkrunarforstjóra og bera ábyrgð á meðferð

**Hæfniskröfur**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar**
- Umsóknarfrestur er til **6.janúar 2016**
- Starfið er laust eftir samkomulagi
- Laun skv. kjarasamningum sambands sveitarfélaga og félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Umsókn fylgi afrit af hjúkrunarleyfi og prófskírteinum
- Umsókn óskast send á leaodds@gmail.com eða hraunbudir@vestmannaeyjar.is
- Nánari upplýsingar veitir Lea Oddsdóttir hjúkrunarforstjóri Hraunbúða í síma 488 2600 eða 893 1784 á dagvinnutíma

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

*Starfsmenn Hagvangs*

HAGVANGUR

www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**Ertu ævintýragjarn, kraftmikill og hefur metnað í að reka hótel við Miðjarðarhafið?**

KIMI RESIDENCE

**Hótelstjóri** óskast til starfa til að sjá um allar hliðar hótelreksturs í Cannes, Frakklandi.

Frönskukunnátta er skilyrði og reynsla af hótelstarfi er kostur. Manneskja með frumkvæði og metnað, hæfni í samskiptum og lipurð sem og tungumálakunnáttu kemur einungis til greina. Um framtíðarstarf er að ræða.

Um er að ræða 18 herbergja hótel þar af 4 íbúðir í Cannes, Frakklandi. Við leitum að einstaklingi með daglegan rekstur hótelsins í huga, sem og viðhald og umsjón fasteignar auk annarra tilfallandi verka.

**Umsóknarfrestur er til 3. Janúar 2016.**
**Sendu okkur ferilskrá á netfangið: jobs@kimihotel.com**

---

SAK SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI HOSPITAL

## Forstöðuhjúkrunarfræðingur Bráðamóttaka

Laus er til umsóknar staða forstöðuhjúkrunarfræðings á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Um er að ræða 100% stöðu sem veitt er til fimm ára. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Bráðamóttakan felur í sér fjölþætta starfsemi þar sem meginverkefnin felast í móttöku bráðveikra og slasaðra. Einnig felst stór hluti starfseminnar í að sinna þeim sjúklingum sem koma í endurkomur/eftirlit vegna áverka sinna eða veikinda. Húsnæði bráðamóttökunnar hefur nýlega verið endurbætt og tækjakostur bættur auk þess sem sjúklingum er forgangsraðað eftir ESI flokkunarkerfinu. Árlega leita um 16.000 manns á bráðamóttökuna.

**Verkefni og ábyrgðarsvið:**
Forstöðuhjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á hjúkrun innan deildarinnar, stjórnar faglegri þróun, rekstri og starfsmannahaldi deildarinnar.

**Hæfniskröfur:**
Íslenskt hjúkrunarleyfi og að lágmarki tveggja ára starfsreynsla í hjúkrun. Reynsla í bráðahjúkrun æskileg.
Nám í stjórnun og rekstri og/eða stjórnunarreynsla æskileg.
Lögð er áhersla á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileika í samskiptum og samvinnu.

Næsti yfirmaður er Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs, sem gefur nánari upplýsingar um starfið í síma 463-0100 eða á netfangi hildig@sak.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. janúar 2016.**

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði sem fæst á vef sjúkrahússins www.sak.is Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt starfsleyfi og prófskírteinum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru:
ÖRYGGI SAMVINNA FRAMSÆKNI.

Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður.

---

# SPENNANDI MARKAÐSSTARF Í FERÐAÞJÓNUSTU

Við leitum að öflugum og jákvæðum einstaklingi til að starfa að markaðsmálum fyrir Trex.
Starfið felur í sér m.a. samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini og öflun nýrra.

**Hæfniskröfur eru helstar:**
- Reynsla af markaðsstarfi í ferðaþjónustu
- Góðir sölu- og skipulagshæfileikar
- Gott vald á íslensku, ensku og fleiri tungumálum
- Að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- Að geta hafið störf sem fyrst

**Umsóknir berist fyrir 11. janúar að Heshálsi 10 eða á info@trex.is**

**Trex - Hópferðamiðstöðin ehf er traust ferðaþjónustufyrirtæki er starfað hefur samfellt í 38 ár og er með einn stærsta og fjölbreyttasta hópbifreiðaflota landsins.**

TREX Travel Experiences
**Hesthálsi 10, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6000 www.trex.is**

---

Geðlækningar

LANDSPÍTALI

## YFIRLÆKNIR

*Starf yfirlæknis á móttökugeðdeild 33C er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. mars 2016 eða eftir samkomulagi, til 5 ára í samræmi við stefnu LSH. Deildin er 16 rúma og þjónar einstaklingum sem þurfa greiningu og meðferð vegna geðrænna vandamála. Áhersla er lögð á teymisvinnu og einstaklingsmiðaða þjónustu.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Fagleg ábyrgð
- Fjárhagsleg ábyrgð
- Starfsmannaábyrgð

**Hæfnikröfur**
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar, faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni eru skilyrði
- Reynsla í teymisvinnu skilyrði
- Reynsla í kennslu og vísindavinnu
- Góð þekking á sviði stjórnunar á sjúkrahússtarfsemi
- Víðtæk reynsla af meðhöndlun geðsjúkdóma
- Íslenskt sérfræðileyfi í geðlækningum

Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt afriti af helstu ritsmíðum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Maríu Einisdóttur, framkvæmdastjóra, Skrifstofa geðsviðs 34A, Landspítali við Hringbraut, 101 Reykjavík.

Umsóknir verða sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mats stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita María Einisdóttir, framkvæmdastjóri (mariaein@landspitali.is, 543 4077) og Sigríður Hafberg, mannauðsráðgjafi (shafberg@landspitali.is, 543 4453).

Umsóknarfrestur er til og með **7. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

**365 óskar eftir góðu fólki**

# SNILLINGUR ÓSKAST Á VÍSI

**Fréttastofa 365 leitar að lykilmanneskju með grafískt auga fyrir einn vinsælasta vef landsins.**

**Helstu kröfur:**
- Reynsla af fjölmiðlum/útgáfu nauðsynleg
- Kunnátta á myndvinnsluforrit s.s. Photoshop
- Brennandi áhugi á nýjungum á netinu
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi

**Helstu verkefni:**
- Umsjón og umbrot forsíðu
- Myndvinnsla og grafík
- Framsetning og frágangur frétta
- Vinna á samfélagsmiðlum

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á tinni@365.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 28. desember.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- otg útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein,
raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða
rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að
hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27
mánudaginn 4. janúar 2016 kl. 17:00.

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5252**

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Forval nr. 13639 – Samkeppnis-viðræður um kaup og innleiðingu á hugbúnaði fyrir stjórnendaupplýsingar EES.**
- **Rammasamningur um alifuglakjöt – EES** útboð nr. 13379.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

**ÁSBYRGI ehf** Sími 568 2444
Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík




# Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

*Starfsfólk Eignamiðlunar*



Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
**EIGNAMIÐLUN**
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Grensásvegi 11 - 108 Reykjavík - Sími 588-9090 - eignamidlun@eignamidlun.is




**Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

